



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 34/2014 um aðgangsbeiðni Snerpu að götuskápum Mílu

#### I Inngangur

Í því máli sem hér er til úrlausnar er fjallað um ágreining á milli Snerpu ehf. (Snerpa) og Mílu ehf. (Míla) um hvort aðgangsbeiðni Snerpu að götuskáp Mílu við Stórholt (SK4514) í efri hluta Holtahverfis á Ísafirði, sem Míla hefur þegar veitt Snerpu aðgang að, hafi enn fremur falið í sér beiðni um aðgang að milliskápalínunum úr umræddum skáp í fjóra aðra götuskápa í hverfinu, þ.e. við Sunnuholt (SK4497), Móholt (SK4475), Lyngholt (SK4487) og Kjarrholt (SK4493). Bæði félög hafi uppi áform um að VDSL væða umræddan hverfishluta og hefur Snerpa þegar gert það varðandi þær heimtaugar sem beint tengjast Stórholtsskápnunum. Míla hefur enn fremur sett upp nýjan götuskáp í umræddu hverfi sem lið í VDSL væðingu félagsins (SK15130).

Ef talið yrði að umrædd aðgangsbeiðni Snerpu hefði falið í sér aðgang um umræddum milliskápalínunum, öllum eða hluta þeirra, væri ágreiningur uppi um hvort slík aðgangsbeiðni teldist sanngjörn og eðlileg. Þá þyrfti m.a. að skoða hvort hún hefði í för með sér hættu á truflunum á öðrum xDSL tengingum í umræddu hverfi í formi milliheyrslu (e. Crosstalk). Míla heldur því fram að svo sé þar sem merki Snerpu færu á móti merkjum Mílu og stefndu í átt að símsstöð Mílu við KUBB en ekki frá símsstöðinni eins og viðmiðunartilboð Mílu um heimtaugaleigu og alþjóðlegir staðlar geri ráð fyrir. Snerpa er þessu ósammála, nema að því er varðar Móholtsskápinn. Að mati Snerpu gæti Míla með auðveldum hætti breytt merkjastefnu varðandi þann skáp þannig að merki félaganna færu ekki á móti hvoru öðru.

Þá heldur Snerpa því fram að Míla geti hagað kerfisuppbyggingu sinni í umræddu hverfi með þeim hætti að bæði félögin geti veitt þar xDSL þjónustu, þ.m.t. VDSL þjónustu, án hættu á milliheyrslu á heimtaugum er tengjast umræddum götuskápum, en Míla er því ósammála.

Ennfremur er ágreiningur uppi á milli aðila um hvort annar hvor aðilinn hafi tryggt sér forgangsrétt að VDSL uppbyggingu í umræddu hverfi í samræmi við heimild þar að lútandi í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaðir 4 og 5).

Snerpa hefur óskað eftir því að PFS taki bráðabirgðaákvörðun í málinu en Míla telur að skilyrði til töku slíkrar ákvörðunar séu ekki uppfyllt og því beri PFS að taka málið til hefðbundinnar málmeðferðar.

## II

### *Málavextir*

#### ***2.1 Útbreiðsluáætlun Mílu vegna VDSL uppbyggingar***

Þann 9. september 2014 barst PFS útbreiðsluáætlun Mílu vegna VDSL uppbyggingar fyrir tímabilið frá september til desember 2014. Fram kom að áætlunin hefði verið birt á heimasíðu félagsins þann 3. september sl. en farist hefði fyrir að senda PFS tilkynningu þar að lútandi. Í umræddri áætlun kom m.a. fram að Holtahverfi við botn Skutulsfjarðar á Ísafirði væri í umræddri áætlun.

#### ***2.2 Fundur Snerpu og PFS***

Þann 10. september sl. fór fram fundur á milli PFS og Snerpu. Þar kvartaði Snerpa formlega yfir synjun Mílu um að veita Snerpu aðgang að götuskáp Mílu við Stórholt 13 á Ísafirði. Fram kom að Snerpa, sem væri fjarskiptafyrirtæki með starfsemi á Ísafirði og í fleiri þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum, hefði á síðustu misserum staðið að VDSL væðingu á umræddu svæði. Nú hefði Snerpa uppi áform um að VDSL væða restina af Holtahverfi og hefði félagið þann 29. ágúst sl. óskað eftir aðgangi að umræddum götuskáp. Þann 4. september sl. hefði starfsmaður Mílu svo skráð umrædda pöntun inn í sölukerfi Mílu.

Sama dag og umræddur fundur var haldinn hafði Snerpa fengið synjun frá Mílu varðandi ofangreinda pöntun. Vísaði Míla til þess að samkvæmt útgefinni útbreiðsluáætlun Mílu væru skápar í þessu hverfi á Ljósveituáætlun Mílu til næstu þriggja mánaða og gæti félagið því ekki veitt öðrum aðgang að götuskáp sem heyrði undir umrædda útbreiðsluáætlun. Míla býði Snerpu hins vegar annars konar heildsöluáðgang að götuskápnunum, þ.m.t. opinn sýndaraðgang (VULA).

#### ***2.3 Tölvupóstssamskipti Snerpu og Mílu***

Með tölvupósti Snerpu til Mílu, dags. 10. september 2014, mótmælti Snerpa umræddri synjun Mílu um aðgang um umræddum götuskáp og kvaðst hafa tekið ákvörðun um að leita til PFS til að hrinda framangreindri synjun Mílu.

#### ***2.4 Fundur Mílu og PFS***

Þann 11. september sl. funduðu fulltrúar PFS og Mílu vegna framangreindrar kvörtunar Snerpu. PFS lagði fram það sáttaboð í málinu að Snerpa fengi aðgang að umræddum

götuskáp að Stórholti en hvorugt félagið fengi forgangsrétt til uppbyggingar í þeim skáp. Umrætt sáttaboð var lagt fram með samþykki Snerpu.

## ***2.5 Sátt milli Snerpu og Mílu***

Með tölvupósti, dags. 12. september sl., féllst Míla á ofangreint sáttaboð PFS. Míla varð því við umræddri aðgangsbeyðni Snerpu að umræddum götuskáp gegn því að Snerpa gerði ekki kröfu um þriggja mánaða forgangsrétt að viðkomandi skáp. PFS tilkynnti báðum aðilum þennan sama dag að stofnunin liti svo á að umræddu ágreiningsmáli væri lokið.

## ***2.6 Tilkynning Mílu til PFS um forgangsrétt að götuskápum***

Með tölvupósti Mílu til PFS, dags. 12. september sl., kom fram að samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014 gæti kerfisrekandi tryggt sér forgangsrétt til VDSL uppbyggingar á ákveðnu svæði með því að birta útbreiðsluáform sín og tilkynna þau til PFS. Míla teldi að með því að birta útbreiðsluáform sín þann 3. september sl. og tilkynna PFS svo formlega um þau þann 9. september hefði Míla þá í síðasta lagi tryggt sér slíkan forgangsrétt á þeim svæðum sem þar hefðu komið fram. Hvað varðaði aðgang að þeim götuskáp við Stórholt sem Snerpa hefði óskað aðgang að þann 29. ágúst sl. hefði Míla ákveðið á að falla frá því að hann yrði einn af þeim götuskápum sem tryggður hefði verið forgangur að. Míla myndi veita Snerpu aðgang til að leggja í þann götuskáp. Míla myndi hins vegar setja eigin búnað í þann götuskáp eins og áformað hefði verið í útbreiðsluáætlun Mílu.

## ***2.7 Tölvupóstur PFS til Mílu***

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 12. september sl., kom fram að stofnunin liti svo á að ágreiningur Snerpu og Mílu vegna umrædds götuskáps væri leystur. Báðir aðilar gætu því tengst þar. Ennfremur að PFS gæti fallist á að fullgild tilkynning Mílu til PFS um forgangsréttarstaði hefði borist stofnuninni þann 9. september sl.

## ***2.8 Beyðni Snerpu um aðgang að milliskápalínunum Mílu***

Í tölvupósti Snerpu til Mílu, dags. 15. september sl., spurðist Snerpa fyrir um milliskápalínur úr götuskápnum að Stórholti í götuskápa að Sunnuholti, Móholti, Lyngholti og Kjarrholti.

## ***2.9 Tölvupóstur Mílu til Snerpu***

Með tölvupósti Mílu til Snerpu þann 18. september 2014 barst svar Mílu við framangreindri beyðni Snerpu um milliskápalínur. Fram kom að eftir að hafa skoðað línuleiðir á þessu svæði gæti Snerpa aðeins tengst við heimtaugar á heimilisföngunum við Stórholt 7-31 og Lyngholt 1, 2 og 3 frá götuskápnum við Stórholt. Míla liti svo á að sú aðgangsbeyðni sem Snerpa hefði sent þann 29. ágúst sl. næði til heimtauga sem kæmu úr umræddum götuskáp við Stórholt en ekki til heimtauga sem tengdust öðrum götuskápum, jafnvel þó að milliskápalínur væru á milli þeirra. Ástæðan væri heildstaði neta og truflanahætta frá VDSL tengingum Snerpu á VDSL og ADSL tengingar sem í dag kæmu frá sírstöðinni KUBB.

## **2.10 Tölvupóstur Snerpu til PFS**

Í tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 18. september sl., kom fram að miðað við síðasta útspil Mílu neyddist Snerpa til að óska eftir formlegri flýtimeðferð varðandi aðgang Snerpu að heimtaugum Mílu í Holtahverfi. Til upplýsinga fylgdi minnisblað Snerpu vegna fundar Snerpu og Mílu, dags. 3. maí 2013, og svarbréfs Mílu til Snerpu í kjölfar þess fundar, dags. 10. júní 2013. Snerpa hafði vorið 2013 kynnt svokallað Smartnet<sup>1</sup> fyrir Mílu. Til að gera langa sögu stutta hefði Míla hafnað öllum boðum Snerpu um samstarf um uppbyggingu á VDSL þjónustu þar sem Smartnet væri fyrirhugað. Þetta hefði gerst áður en Míla hefði sett upp eigin VDSL búnað á nokkrum þeim stað þar sem Snerpa hafði í hyggju að setja upp Smartnet.

## **2.11 Framkvæmdaáætlun Snerpu**

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 18. september 2014, barst PFS framkvæmdaáætlun félagsins fyrir Ísafjörð. Fram kom að vegna höfnunar Mílu á aðgangi Snerpu að heimtaugum sem tengdar væru um Stórholtsskápin sái Snerpa sér ekki annað fært til að tryggja hagsmuni sína en að tilkynna formlega til PFS um uppbyggingaráætlun félagsins. Snerpa benti á að útbreiðsluáætlun Mílu frá 3. september sl. væri haldin nokkrum vanköntum og því spurning hvort hún gæti skapað Mílu forgang á VDSL væðingu.

## **2.12 Listi Mílu yfir götuskápa**

Með tölvupósti Mílu til PFS, dags. 22. september 2014, sendi félagið stofnuninni lista með heimilisföngum yfir alla götuskápa sem félagið óskaði eftir skjóli fyrir á landsbyggðinni næstu þrjá mánuði. Umræddur listi hafði m.a. að geyma götuskápa í efri hluta Holtahverfis, að Stórholtsskápinum undanskildum.

## **2.13 Athugasemdir Mílu vegna kröfu Snerpu um bráðabirgðaákvörðun**

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 23. september 2014, tjáði félagið sig um kröfu Snerpu um bráðabirgðaákvörðun. Fram kom að krafa Snerpu væri reist á að félagið ætti rétt á aðgangi á grundvelli ákvörðunar PFS nr. 21/2014. Væri orðalag ákvörðunarinnar hins vegar skoðað hefðu engar kvaðir enn verið lagðar á samkvæmt henni. Þannig segði ítrekað í umræddri ákvörðun að PFS „hygðist“ leggja kvöð á Mílu, svo sem um aðgang, jafnræði o.fl.

Teldi PFS nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar, enda væri hættu á því að dráttur á úrskurði ylli því að réttindi aðila máls færu forgörðum eða hann yrði fyrir verulegu fjártjóni, væri stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 69/2003. Í erindi Snerpu væri í engu rökstutt með hvaða hætti réttindi hans færu forgörðum við það að málið fengi hefðbundna efnislega meðferð. Einboðið væri að sönnunarbyrði fyrir því að svo væri hvíldi á kvartanda. Hvað meinta fjártjónshættu varðaði yrði hún að vera veruleg til að bráðabirgðaákvörðun kæmi til álita. Erindi Snerpu uppfyllti með engum hætti kröfur um að sýnt væri fram á verulegt fyrirsjáanlegt fjártjón.

---

<sup>1</sup> Smartnet er heiti á háhraðanetsvæðingu Snerpu á Ísafirði og víðar á norðanverðum Vestfjörðum sem fólgin er í VDSL tengingum frá sírstöðvum og götuskápum.

Þannig segði að þegar hefðu verið móttæknar nokkrar pantanir. Míla gæti ekki borið ábyrgð á að kvartandi hefði kynnt almenningi þjónustu sem hann gæti ekki staðið við að veita, enda þyrfti beiðni hans sem fyrr segir ávallt að vera sanngjörn og eðlileg í skilningi fjarskiptalaga.

### **2.13 Viðbrögð Snerpu við athugasemum Mílu**

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 23. september sl., brást félagið við framangreindum athugasemum Mílu vegna kröfu um bráðabirgðaákvörðun í málinu. Fram kom að Snerpa hefði óskað eftir því að PFS tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu enda væru skilyrði ákvæðisins til töku slíkrar ákvörðunar uppfyllt. Snerpa hefði síðastliðna mánuði undirbúið verkefnið með innkaupum á nauðsynlegum búnaði, auk samninga við jarðvinnuverktaka. Þá hefði miklum tíma verið varið í hönnun og framkvæmd verksins og kostnaður væri verulegur. Ávöxtun og eðlileg framlegð af bundnum fjármunum byggði á að Snerpa næði tiltekinni markaðshlutdeild í sölu bitastraumstenginga í þeim hverfum þar sem Snerpa býði Smartnet þjónustu. Allur dráttur á veitingu þjónustunnar ylli Snerpu verulegu fjártjóni. Svo virtist sem Míla hefði sett mikinn kraft í að undirbúa og framkvæma breytingar á aðgangsneti sínu í umræddu hverfi eftir að hafa frétt af áformum Snerpu. Skömmu eftir að Snerpa sendi Mílu umrædda aðgangsbéiðni hefði Míla svo opinberað áform sín með því að birta útbreiðsluáætlun sína.

### **2.14 Fundur PFS og Mílu**

Þann 24. september 2014 funduðu fulltrúar PFS og Mílu um málið. Þar gerði Míla m.a. grein fyrir núverandi stöðu VDSL væðingar á landsvísu og að VDSL væðing hefði hafist á Vestfjörðum árið 2013. Míla teldi að ósk Snerpu um aðgang að milliskápalínum bryti í bága við tækniskilmála í viðmiðunartilboði Mílu um heimtaugaleigu. Hér væri átt við að bannað væri að setja upp xDSL búnað þannig að merkið færi á móti merki sem kæmi frá símstöð. Klárt væri að ósk Snerpu hefði þetta í för með sér. Míla gæti því ekki séð hvernig fyrirtækið ætti að geta orðið við kröfu Snerpu. Ef leyft yrði að senda xDSL merki í öfuga átt við merki sem kæmi frá símstöð þá myndu merkin trufla hvort annað. Nærri símstöð myndi merkið frá símstöð trufla hitt merkið og fjærri símstöð myndi merkið frá götuskápnun trufla merkið frá símstöð (eða öðrum götuskáp nærri símstöð). Ástæða þess væri að merkin væru búin að deyfast mismikið eftir því hvar á leiðinni þau væru stödd. Milliheyrsla yrði því á þeim línuhlutum þar sem merkin væru í sama línubúnti og á sameiginlegum tengigrindum sem merkin færu um.

### **2.15 Leiðrétting PFS á ákvörðun nr. 21/2014**

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 26. september sl., tók stofnunin fram að hún hefði þann sama dag nýtt sér heimild í 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga til að leiðrétta óskýrleika þann sem Míla hefði bent á að finna mætti í ákvörðun PFS nr. 21/2014. Þar hefði á ýmsum stöðum komið fram að PFS hefði í hyggju að leggja kvaðir á Mílu. Að mati PFS hefði Mílu ekki átt að hafa getað dulist að með umræddri ákvörðun hefði PFS lagt umræddar kvaðir á félagið. Umrædd leiðrétting varðaði aðeins orðalag og þar með form umræddrar ákvörðunar en ekki efni hennar. Því hefði ekki verið þörf á að taka nýja ákvörðun.

### ***2.16 Frekari andmæli Mílu við kröfu um bráðabirgðaákvörðun***

Með tölvupósti Mílu til PFS, dags. 26. september sl., bárust stofnuninni frekari andmæli félagsins við kröfu Snerpu um bráðabirgðaákvörðun. Að mati Mílu hefðu athugasemdir Snerpu frá 23. september sl. ekki rennt frekari stoðum undir kröfu Snerpu varðandi skilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar. Míla krefðist þess aðallega að PFS hafnaði kröfu Snerpu um aðgang að umræddum milliskápalínum. Höfnunin samræmdest fyllilega þeim takmörkunum sem heimilt væri að beita og byggði á málefnalegum sjónarmiðum enda fordæmi fyrir slíkum takmörkunum erlendis frá.

### ***2.17 Athugasemdir Snerpu við frekari andmælum Mílu***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 26. september sl., bárust stofnuninni athugasemdir félagsins við frekari athugasemdum Mílu við kröfu Snerpu um bráðabirgðaákvörðun.

### ***2.18 Ábending Snerpu um framkvæmdir Mílu í Holtahverfi***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 30. september sl., tilkynnti félagið stofnuninni um framkvæmdir Mílu í efri hluta Holtahverfis. Meðfylgjandi var mynd sem sýndi holu framan við Stórholt 7 sem benti til þess að verið væri að aftengja strenginn sem lægi frá Stórholtsskápnunum (SK4514) yfir í Lyngholt. Væri það rétt missti Snerpa varanlega samband við þann skáp og einnig Lyngholt 1, 2 og 3 sem Míla hefði þó veitt Snerpu aðgang að.

### ***2.19 Svör Mílu við spurningum PFS um framkvæmdir í Holtahverfi***

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 30. september sl., óskaði PFS eftir svörum Mílu við nánar tilteknum spurningum. Í fyrsta lagi hvort jarðvegsframkvæmdir þær sem nú væru í gangi í Holtahverfi myndu að einhverju leyti skerða mögulegan aðgang Snerpu að heimtaugum í Lyngholti og Kjarrholti frá því sem áður hefði verið, ef stefnu niðurstreymismerkis á milli Stórholtsskápsins og Lyngholtsskápsins yrði snúið við. Svar Mílu var á þá leið að svo væri ekki.

Þá spurði PFS hvort Míla hefðu í hyggju að aftengja milliskápastreng á milli Stórholtsskápsins og Lyngholtsskápsins með þeim afleiðingum að möguleikar Snerpu á tengingum án milliheyrslu í Lyngholt og Kjarrholt færu forgörðum. Svar Mílu var á þá leið að svo væri ekki. Míla hefði ákveðið að stöðva framkvæmdir fyrir utan Stórholt 7 í síðustu viku og bíða ákvörðunar PFS í málinu.

Ennfremur spurði PFS hvort Míla hefði verið að lýsa ástandinu fyrir eða eftir umræddar framkvæmdir þegar félagið hefði haldið því fram á fundinum með PFS að beiðni Snerpu um milliskápatengingar úr Stórholtsskápnunum í skápana við Sunnholt, Móholt og Lyngholt væru á mótí straumi og hvort eitthvað VDSL merki hjá Mílu hefði verið fyrir hendi til að trufla eða aðeins ADSL merki sem ynni á annarri tíðni. Svar Mílu var á þá leið að umrædd mynd sem kynnt hefði verið á umræddum fundi hefði sýnt stöðuna eins og hún væri fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir. Þá hefði verið ónákvæmt að segja að ADSL og VDSL ynnu á sitthvorri tíðninni. VDSL merki næði einnig yfir ADSL tíðnisviðið þannig að ef koma ætti í veg fyrir truflanir á ADSL2+ þá þyrfti að slökkva á því tíðnisviði

á VDSL tengingum Snerpu. Það dygði þó ekki til, því eins og fram kæmi á einlínummyndinni væru margar línur úr Móhólts- og Lyngholtsskápunum með VDSL hæfi frá símstöð.

Þá spurði PFS hvort umræddar framkvæmdir væru að einhverju leyti gerðar til að takmarka möguleika Snerpu í umræddu hverfi og hvort hægt væri að haga kerfisuppbyggingunni á þann hátt að það gerði Snerpu ekki erfitt fyrir án aukins kostnaðar og/eða verri virkni kerfisins. Svar Mílu var á þá leið að umræddar framkvæmdir hefðu verið ákveðnar fyrir í sumar og við yfirferð á málinu í síðustu viku hefði komið fram að fyrirhugað væri að breyta tengingum fyrir 4 hús sem tengdust inn á Stórholtsskápinn og færa heimtaugarnar inn á annan skáp. Ákveðið hefði verið að stoppa þá framkvæmd með hliðsjón af þessu máli. Míla teldi því að framkvæmdirnar hefðu engin áhrif á Snerpu.

Að lokum kom fram í máli PFS að það væri skilningur stofnunarinnar að framkvæmdir Mílu stæðu yfir um þessar mundir og að Míla yrði að bera hallann af því að fara í umræddar framkvæmdir áður en niðurstaða fengist í umræddu ágreiningsmáli. Ekki væri útilokað að PFS myndi mæla fyrir um breytingar á tilhögun netsins ef niðurstaða PFS yrði Snerpu í hag.

## ***2.20 Málamiðlunartillaga Snerpu***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 1. október sl., bárust PFS athugasemdir félagsins við framangreind svör Mílu við spurningum PFS, auk málamiðlunartillögu í málinu. Snerpa myndi falla frá einkarétti á VDSL tengingum í umræddu hverfi ef Míla samþykkti tafarlaust að vinna eftir

## ***2.21 Afstaða Mílu við málamiðlunartillögu Snerpu***

Með tölvupósti Mílu til PFS, dags. 6. október sl., barst stofnuninni afstaða félagsins við málamiðlunartillögu Snerpu og var henni hafnað. Fram kom að ágreiningur aðila snérist um grundvallarreglu í rekstri koparkerfis Mílu og hvort fyrirtækinu væri heimilt að setja reglur um not á því til að lágmarka hættu á truflunum í kerfinu. Samkvæmt fjarskiptalögum væri heimilt að setja takmarkanir á aðgang ef slíkt byggðist á hlutlægum viðmiðum, t.d. vegna nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta og annarra tæknilegra ástæðna, sbr. 2. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga. Það væri því bæði lögbundinn réttur og skylda eiganda kerfisins að takmarka truflanir og vernda heildstæði netsins, enda varðaði það mikilvæga hagsmuni eiganda og notenda kerfisins.

## ***2.22 Athugasemdir Snerpu við höfnun Mílu á málamiðlunartillögu***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 8. október sl., bárust stofnuninni athugasemdir félagsins við ofangreint bréf Mílu þar sem málamiðlunartillögu Snerpu var hafnað. Snerpa ítrekaði kröfu sína um bráðabirgðaákvörðun um lykilþætti málsins. Snerpa minnti á að að Míla hefði stöðvað framkvæmdir sínar í hverfinu að eigin frumkvæði og gæti hafið þær aftur hvenær sem væri án þess að hafa gengið gegn beinum fyrirmælum PFS. Slíkt gæti valdið sambandsleysi hjá notendum Snerpu.

### **2.23 Skýringarmyndir frá Mílu**

Með tölvupósti Mílu til PFS, dags. 9. október 2014, bárust stofnuninni frekari skýringarmyndir er sýndu vegalengdir fyrir og eftir götuskápavæðingu Mílu í Holtahverfi. Fram kom að á myndunum mætti sjá stefnu xDSL niðurhalsmerkja. Stefna upphalsmerkja væri þá í hina áttina og hefði sömu eða meiri hættu á truflunum í för með sér.

### **2.24 Athugasemdir Snerpu við skýringarmyndir Mílu**

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 10. október sl., bárust stofnuninni athugasemdir Snerpu við framangreindar skýringarmyndir Mílu. Þá kom fram að aðalkrafa Snerpu væri að félagið hefði forgang að heimtaugum og Míla skyldi veita aðgang að skápum við Sunnuholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt um Stórholtsskápinn. Til vara væri þess krafist að Míla veitti aðgang að skápum við Sunnuholt, Lyngholt og Kjarrholt.

### **2.25 Svör Mílu við tölvupóstum Snerpu**

Með tölvupósti Mílu til PFS, dags. 15. október sl., bárust stofnuninni svör og athugasemdir félagsins við framangreindum tölvupóstum Snerpu frá 8. og 10. október. Þar ítrekaði Míla þá afstöðu sína að bannað væri að tengja búnað í andstæða stefnu inn á koparlínukerfið. Það að leyfa það myndi valda truflunum á öðrum tengingum og væri andstætt tæknilegri högun koparkerfisins. Nauðsynlegt væri að hafa skýrar reglur til að lágmarka truflanahættu.

### **2.26 Ábending Snerpu um milliskápatengingu við Sunnuholt**

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 21. október 2014, barst stofnuninni ábending um að félagið hefði fengið afgreidda tengingu í hús að Sunnuholti [...] <sup>2</sup> í gegnum milliskápatengingu á milli Stórholtsskápanna. Nokkrum dögum síðar hefði Míla aftengt umrædda tengingu.

### **2.27 Svar Mílu vegna aftengingar milliskápalínu við Sunnuholt**

Með tölvupósti Mílu til Snerpu, dags. 22. október sl., barst Snerpu svar vegna bilunartilkynningar vegna heimtaugar að Sunnuholti [...]. Fram kom að því miður gæti Míla ekki orðið við beiðni Snerpu um að flytja línuna aftur til baka í Stórholtsskápinn. Ástæðan væri sú að línun væri utan þess ramma sem hægt væri að afgreiða frá umræddum skáp, án þess að valda öðrum notendum truflunum. Umrædd pöntun virtist hafa farið í gegn fyrir mistök, en lokið hafði verið við að tengja línuna þegar mistökin uppgötvuðust. Míla harmaði þau óþægindi sem Snerpa og viðskiptavinir Snerpu hefðu orðið fyrir af þessum völdum.

### **2.28 Nánari skýringar Mílu vegna aftengingar milliskápalínu við Sunnuholt**

PFS óskaði eftir nánari skýringum Mílu vegna aftengingar Sunnuholts [...]. Skýringar Mílu bárust með tölvupósti, dags. 24. október sl. Fram kom að beiðni hefði borist frá

---

<sup>2</sup> Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama á við um hornklofa í framhaldinu.



Snerpu inn á þjónustuvef Mílu um upptengingu í Stórholtsskápinn. Starfsmaður Mílu á Ísafirði hefði flaggað málinu og tengingin verði stöðvuð. Nokkrum dögum síðar hefði umræddur starfsmaður Mílu farið frí og verktaki Mílu hefði tekið við upptengingunum. Einhverra hluta vegna hefði þessi tenging verði ein af þeim sem sá starfsmaður hefði sett upp. Tengingin hefði verði aftengd aftur þegar mistökin uppgötvaðust og færð á sömu tengipunkta í stöð og upphaflega. Þarna virtist sem röð mistaka hefðu átt sér stað sem byrjuðu á því að yfir höfuð hefði ekki átt að vera hægt að biðja um þessa tengingu.

### ***2.29 Frekari sjónarmið Snerpu***

Með tölvupósti, dags. 24. október sl., gerði Snerpa PFS nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu. Fram kom að Míla hefði síðastliðið sumar sett upp tvo nýja skápa í Holtahverfi. Úr þeim væru engar heimtaugar heldur hefðu þeir verði settir upp til að hýsa VDSL búnað Mílu, annar í neðri hluta hverfisins og hinn í efri hlutanum. Þeir stofnstrengir sem lögju frá símstöð til annarra skápa í hvorum hluta hverfisins væru tengdir inn á þessa nýju skápa. Þannig næði Míla að stytta línulengd til heimtauga frá nýjum búnaði í skápunum. Stofnstrengir hefðu verði teknir í sundur og tengdir með lykkju inn á nýju skápana og hefðu línulengdir lengst vegna þess frá stöð til heimtaugar, væntanlega um 10-30 metra. Í neðri hluta hverfisins hefði línulengd frá VDSL búnaði Mílu líklega styst um 480 metra og um 775 metra í efri hlutanum. Línulengd frá VDSL búnaði Snerpu um KUBB hefði hins vegar lengst um 10-30 metra. Míla hefði ráðist í þessar framkvæmdir án nokkurrar tilkynningar eða samráðs við aðra sem væru að nota aðgangskerfið.

Með tölvupósti Snerpu fylgdi mynd sem sýndi heppilegasta fyrirkomulagið á stefnu VDSL merkja beggja félaganna í efri hverfinu að mati Snerpu, miðað við að bæði Míla og Snerpa væru með VDSL búnað í rekstri.

### ***2.30 Fyrirspurn PFS til Mílu***

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 24. október sl., óskaði stofnunin eftir nánari skýringum Mílu áður en næstu skref yrðu tekin í málinu og að félagið tjáði sig um nýjustu innlegg Snerpu í málið. Fram kom að það hefði einkennt þetta mál að málsaðilar væru ósammála um staðreyndir málsins, t.d. stefnur merkja, tegundir strengja, væntingar, góða trú og mögulegar breytingar á högun kerfa Mílu. Mikilvægt væri að Míla notaði nú tækifærið áður en næstu skref yrðu stigin til að lýsa nákvæmlega högun kerfisins í umræddu hverfi, bæði fyrir og eftir fyrirhugaðar framkvæmdir. Þá væri mikilvægt að Míla tjáði sig um sannleiksgildi staðhæfinga Snerpu um stjörnustrengi.

### ***2.31 Athugasemdir Snerpu við skýringar Mílu á aftengingu milliskápalínu í Sunnuholt***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 27. október 2014, gerði félagið athugasemdir við skýringar Mílu á aftengingu Sunnuholts [...].

### ***2.32 Athugasemdir Snerpu við afstöðu Mílu***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 28. október 2014, gerði félagið athugasemdir við sjónarmið þau er fram komu í framangreindum tölvupósti Mílu til PFS þann 15. október sl. Fram kom að Snerpa byði Mílu enn einu sinni að samnýta aðgangskerfið með Snerpu og að skipuleggja starfsemina með þeim hætti að truflanahætta væri lágmörkuð.

### ***2.33 Frekari athugasemdir og sjónarmið Mílu***

Með tölvupósti, dags. 30. október sl., bárust PFS frekari athugasemdir og sjónarmið Mílu í málinu.

### ***2.34 Frekari athugasemdir og sjónarmið Snerpu***

Með tölvupósti, dags. 3. nóvember sl., bárust PFS frekari athugasemdir og sjónarmið Snerpu.

### ***2.35 Loka athugasemdir og sjónarmið Mílu***

Með tölvupósti, dags. 6. nóvember sl., bárust PFS frekari athugasemdir og sjónarmið Mílu, auk svara við tilteknum spurningum PFS.


### ***2.36 Loka athugasemdir og sjónarmið Snerpu***

Með tölvupósti Snerpu til PFS, dags. 7. nóvember 2014, tjáði félagi sig stuttlega um síðustu viðbrögð Mílu. M.a. kom fram að það væri mikilvægt fyrir Snerpu að sett væri fordæmi um að Míla þyrfti að eiga samráð við aðra sem notuðu aðgangsnetið (keyptu skiptan aðgang og notuð eigin xDSL búnað) ef fyrirhugaðar væru breytingar á því. Snerpa hefði enga aðkomu átt að eða fengið kynningu á yfirstandandi framkvæmdum Mílu í efri bænum.

### III Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

#### 3.1 Almenn

Mál þetta varðar ágreining á milli Snerpu og Mílu um hvort aðgangsbæði Snerpu að götuskáp Mílu við Stórholt (SK4514) í efri hluta Holtahverfis á Ísafirði, sem Míla hefur þegar veitt Snerpu aðgang að, hafi ennfremur falið í sér bæði um aðgang að milliskápalínunum úr umræddum skáp í fjóra aðra götuskápa í hverfinu, þ.e. við Sunnuholt (SK4497), Móholt (SK4475), Lyngholt (SK4487) og Kjarrholt (SK4493). Bæði félög hafi uppi áform um að VDSL væða umræddan hverfishluta og hefur Snerpa þegar gert það varðandi þær heimtaugar sem beint tengjast Stórholtsskápnunum. Míla hefur ennfremur sett upp nýjan götuskáp í umræddu hverfi sem lið í VDSL væðingu félagsins (SK15130), sem merktur er með rauðum hring á neðangreindri mynd.



Ef talið yrði að umrædd aðgangsbæði Snerpu hefði falið í sér aðgang um umræddum milliskápalínunum, öllum eða hluta þeirra, væri ágreiningur uppi um hvort slík aðgangsbæði teldist sanngjörn og eðlileg. Þá þyrfti m.a. að skoða hvort hún hefði í för með sér hættu á truflunum á öðrum xDSL tengingum í umræddu hverfi í formi milliheyrslu (e. Crosstalk). Míla heldur því fram að svo sé þar sem merki Snerpu færu á móti merkjum Mílu og stefndu í átt að símsstöð Mílu við KUBB (sem staðsett er hægra megin fyrir ofan ofangreinda mynd) en ekki frá símsstöðinni eins og viðmiðunartilboð Mílu um heimtaugaleigu og alþjóðlegir staðlar geri ráð fyrir. Snerpa er þessu ósammála, nema að því er varðar Móholtsskápin. Að mati Snerpu gæti Míla með auðveldum hætti breytt merkjastefnu varðandi þann skáp þannig að merki félaganna færu ekki á móti hvoru öðru.

Þá heldur Snerpa því fram að Míla geti hagað kerfisuppbyggingu sinni í umræddu hverfi með þeim hætti að bæði félögin geti veitt þar xDSL þjónustu, þ.m.t. VDSL þjónustu, án hættu á milliheyrslu á heimitaugum er tengjast umæddum götuskápum, en Míla er því ósammála.

Ennfremur er ágreiningur uppi á milli aðila um hvort annar hvor aðilinn hafi tryggt sér forgangsrétt að VDSL uppbyggingu í umræddu hverfi í samræmi við heimild þar að lútandi í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaðir 4 og 5).

Mál þetta er um margt sérstakt þar sem um ágreining er að ræða á milli tveggja netrekenda, þ.e. Mílu sem á og rekur koparheimtauganetið og Snerpu sem nýtir sér umrætt koparheimtauganet í starfsemi sinni sem netrekandi og þjónustuveitandi.

Snerpa hefur óskað eftir því að PFS taki bráðabirgðaákvörðun í málinu en Míla telur að skilyrði til töku slíkrar ákvörðunar séu ekki uppfyllt og því beri PFS að taka málið til hefðbundinnar málsmeðferðar.

### **3.2 Ákvörðun PFS nr. 21/2014 um markaðsgreiningar á mörkuðum 4 og 5**

Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst sl., var Míla útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumörkuðum fyrir heimitaugar og bitastraum (markaðir 4 og 5) og viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið til freista þess að vinna bug á þeim samkeppnisvandamálum sem greind voru á viðkomandi mörkuðum.


Fram kom að koparheimtaug væri sá leggur sem tengdi nettengipunkt endanotanda við tengigrind í sírstöð eða götuskáp. Á umræddum markaði störfuðu fyrirtæki sem veittu aðgang að slíkum heimitaugum, þ.e. netrekendur. Míla er slíkur netrekandi en Snerpa leigir aðgang að heimitaugum Mílu. Markaðurinn næði yfir áþreifanlega innviði netanna, þ.e. heimitaugarnar sjálfar, tengivirki o.fl. Koparheimtaugar væru aðallega notaðar til að bera hefðbundna talsímabjónustu (neðra tíðnisviðið) og gagnaflutningsþjónustu eins og ADSL og VDSL þjónustu (efra tíðnisviðið). Yfir heimitaugarnar væri hægt að flytja ýmsa samskiptatækni þar sem hin eiginlega þjónustuframleiðsla færi fram, en slík kerfi tilheyrðu bitastraumsmarkaði. Um væri að ræða þjónustu sem gerði notendum kleift að nálgast ýmsa þjónustu eins og t.d. internetið, IP talsímabjónustu og IP sjónvarpsþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki, þ.e. þjónustuveitendur, veittu endanotendum slíka þjónustu í smásölu. Bitastraumsaðgangur vísaði því til uppsetningar á háhraða aðgangsleið til endanotenda sem fjarskiptafyrirtæki gætu keypt í heildsölu til að áframselja endanotendum í smásölu. Ekki væri nægilegt að hafa aðgang að heimitaug til að koma á bitastraumsþjónustu. Til viðbótar væri nauðsynlegt að hafa aðgang að einhvers konar fjarskiptainnviðum til að koma á breiðbandsþjónustu. Þess vegna væru þessir markaðir háðir hvorum öðrum. Segja mætti að markaður 5 legðist ofan á markað 4.

Til að bjóða upp á þjónustu sem bygðist sá bitastrauri gæti þjónustuveitandi byggt upp eigið kerfi að hluta eða öllu leyti og/eða keypt mismunandi heildsöluadgang af netrekanda. Aðgangur að xDSL tengingum væri fyrst og fremst mögulegur á koparheimtauganeti Mílu. Þar af leiðandi notuðu öll fjarskiptafyrirtæki sem starfræktu eigin xDSL þjónustu heimitaugar Mílu í þjónustu sinni.


Nú orðið væri notast við xDSL þjónustu sem gerði það mögulegt að skipta bandbreidd koparheimtaugar milli talsíma og gagnaflutnings, ásamt því að virk bandbreidd heimtaugarinnar ykist og hægt væri að flytja meira gagnamagn um hana. Milliheyrsla væri einn helsti ókostur xDSL tækninnar og takmarkaði oft gæði og afköst.

Á undanförunum árum hefðu VDSL tengingar verið að ryðja sér til rúms á kostnað ADSL tenginga. VDSL tengingar byggðu á sömu tækni og ADSL tengingar en gæfu möguleika á að senda meira gagnamagn en mögulegt væri með ADSL staðli. Þær takmarkanir fylgdu þó VDSL staðli að fjarlægð notenda frá tengibúnaði þyrfti af vera styttri en á ADSL staðli því afköst féllu hlutfallslega hraðar eftir lengd koparheimtaugar. Tengibúnaður væri því aðallega í götuskápum en ekki í sírstöð. Til að uppfæra ADSL yfir í VDSL þyrfti því að setja upp búnað (DSLAM) í götuskáp sem tengdur væri með ljósleiðara við sírstöð.

Eins og neðangreindar myndir sýna þá minnkar það gagnamagn sem hægt er að flytja á VDSL staðli hratt eftir fyrstu 500 metrana eða svo. Samhengið á milli lengdar koparþráðar og burðargetu á VDSL kerfum er því augljós. Fyrri myndin stafar frá Mílu og sú síðari frá Snerpu.



Hraði til notanda (Mbit/s)



Fræðileg hámarksafköst á xDSL samböndum mv. vegalengd.

Þá kom fram að þar sem VDSL staðall væri keyrður á heimtaugum gæti reynst erfitt að veita skiptan aðgang sambærilegan þeim sem veittur væri í tilviki ADSL. Pláss í götuskáp væri oft af skornum skammti og möguleg hætta væri á milliheyrsluþröflunum. Eftir því sem fleiri notendur á sama kapalknippi væru með xDSL þjónustu því meira ykjast milliheyrsluvandamál, þar sem VDSL merki mismunandi notenda hefðu áhrif hvert á annað svo þjónustugæði allra notenda heimtauga í sama kapalknippi gætu skerst. Þetta ætti ekki við í sama mæli í tilfalli ADSL kerfa þar sem milliheyrsluvandamál væru það væg að þau skertu ekki þjónustugæði endanotenda svo merkjanlegt væri. Í tilfalli VDSL kerfa væri notast við hærri tíðnir sem gerðu slík kerfi viðkvæmari fyrir slíkum vandamálum. Vigrun væri tækni sem notast mætti við til að minnka milliheyrsluvandamál og auka þar með afkastagetu heimtauga. Til að notast mætti við vigrun þyrftu allar línur á sama knippi hins vegar að vera hjá einum og sama VDSL kerfisrekanda. Vegna hættu á milliheyrsluþröflunum væru því líkur á því að ef fleiri en einn VDSL kerfisrekandi starfræki DSLAM búnað í sama götuskáp ylli það þröflunum sem skertu þjónustugæði allra notenda.

Niðurstaða markaðsgreininga PFS á umræddum mörkuðum var sú að þar ríkti ekki virk samkeppni. Þegar horft væri til hárrar markaðshlutdeildar Mílu, stærðar félagsins, umfangsmikilla aðgangshindrana og lóðréttar samþættingar Mílu og Símans hefði það verið niðurstaða PFS að Míla hefði samkeppnislega yfirburði á viðkomandi mörkuðum. Öll fyrirtæki sem starfræktu fjarskiptaþjónustu þyrftu að reiða sig að einhverju leyti á Mílu og hefðu mörg hver fjárfest mikið í vinnu og búnaði til að tengjast kerfum félagsins. Í ljósi þessa og vegna þess hversu víðfeðmt og stórt kerfi Mílu væri, ásamt lóðréttar samþættingar Mílu og Símans, mætti ætla að fyrirtækið gæti viðhaldið sterkri stöðu sinni á umræddum mörkuðum gagnvart samkeppnisaðilum á líftíma markaðsgreiningarinnar. Á bitastraumsmarkaði væri Síminn t.d. langstærsti viðskiptavinur Mílu. Var Míla því útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum. Markaðshlutdeild Snerpu á sama tíma hefði verið hverfandi.

Varðandi samkeppnisvandamál á heimtaugamarkaði kom fram að félag með lóðrétt samþætta starfsemi kynni að reyna að yfirfæra markaðsstyrk sinn á heildsölumarkaði yfir á skyldan smásölumarkað sem leiddi til þess að það gæti hafnað fullnægjandi aðgangi ótengdra aðila að nauðsynlegum þáttum starfseminnar. Hvað Mílu og Símann varðaði væru þau systurfélög í fullri eigu Skipta og mynduðu eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar. Á aðgangsmarkaði annaðist Míla rekstur og þjónustu heimtauga fyrir eigin xDSL þjónustu, ásamt því að leigja Símanum heimtaugar sem veitti endanotendum þjónustu um þær. Míla gæti freistast til að synja öðrum um aðgang að heimtaugum í því skyni að draga úr samkeppni og auka hlut Skiptasamstæðunnar á smásölumarkaðinum. Jafnvel þó ekki væri um algjöra synjun að ræða gæti komið til mismununar í afgreiðsluferlinu þannig að umsóknir frá viðskiptavinum eigin smásöluarms fengju forgang eða að upplýsingagjöf til samkeppnisaðila væri ófullnægjandi.

Þá kom fram að Míla gæti, stöðu sinnar vegna, haft áhrif á val samkeppnisaðila Skiptasamstæðunnar á tæknilegum útfærslum, s.s. VDSL, t.d. með því að hafna aðgangsbæði þeirra á grundvelli hugsanlegra truflana. Ennfremur gæti Míla takmarkað

samkeppni ef Símanum væri veittur möguleiki á að verða á undan samkeppnisaðilum með nýja þjónustu á smásölumörkuðum, m.a. á nýjum svæðum. Þekktar aðgerðir fjarskiptafyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk væru m.a. fólgnar í því að draga samningaviðræður á langinn og bera tæknilegum örðugleikum fyrir sig.

Í ljósi ofangreindra samkeppnisvandamála á heimtaugamarkaði lagði PFS tiltekna kvaðir á Mílu. Meginmarkmið kvaðanna var að auka samkeppni á viðkomandi markaði og skapa skilyrði fyrir innkomu og vöxt sjálfstæðra þjónustuaðila.

PFS lagði m.a. þá kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum sínum og tengdri aðstöðu á heildsölustigi. PFS taldi kvaðirnar vera í þágu samkeppni til lengri tíma litið og til þess fallnar að auka framboð á þjónustu. Kvöð um aðgang að heimtaugum á heildsölustigi væri nauðsynleg forsenda þess að virk samkeppni gæti átt sér stað á tengdum smásölumörkuðum, t.d. varðandi talsíma og gagnaflutning. Ekki væri mögulegt að leysa greind samkeppnisvandamál öðruvísi en að leggja á kvöð um aðgang. Aðgangshindranir kæmu í veg fyrir að keppinautar Mílu gætu byggt upp umfangsmikil og landsdekkandi heimtauganet og því væri það talið nauðsynleg forsenda virkrar samkeppni að þeir gætu fengið aðgang að landsdekkandi neti Mílu. Með tengingu við heimtauganet Mílu fengju fyrirtækin betri nýtingu á þeim fjarskiptabúnaði sem þau hefðu fjárfest í.

Fram kom að Mílu væri einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á heimtaugum á grundvelli grunnkrafna er vörðuðu rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, heildstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna.

Míla skyldi m.a. veita aðgang að hluta koparheimtaugar (e. Sub-loop), m.a. að götuskápum. Fram kom að vegna þeirra erfiðleika sem upp gætu komið við að veita fleiri en einum aðila aðgang að heimtaugarhluta sem bæri VDSL kerfi, yrði að leysa umrædda aðgangskvöð með opnum sýndaraðgangi (VULA). PFS legði því þá kvöð á Mílu að veita aðgang að heimtaug frá símsstöð til endanotenda á þann hátt að leigjandi sýndaraðgangs hefði aðgang að viðkomandi VDSL kerfi og gæti stýrt þjónustu við endanotendur á eins líkan hátt og ef hann starfrækti eigið VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þyrfti til að veita hvers kyns þjónustu yfir bitastraum, þ.m.t. IPTV. Þar sem opinn sýndaraðgangur ætti að líkja eftir opnum aðgangi fengi leigjandi aðgang að nokkurs konar sýndarrás sem veitti honum þá netaðstöðu sem hann óskaði eftir. Í þeim götuskápum þar sem VDSL búnaður væri fyrir og Míla tryggði að opnum sýndaraðgangi (VULA) hefði verið komið á, veitti PFS Mílu undanþágu frá kvöð um aðgang að hluta heimtaugar á meðan opinn sýndaraðgangur væri í boði, að fimm nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Ef Míla hefði sett upp VDSL búnað og hefði í hyggju að beita vigrun skyldi félagið síðan sjá til þess að opinn sýndaraðgangur (VULA) væri skilyrðislaust í boði, ef félagið óskaði eftir umræddri undanþágu.

Míla skyldi birta lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir (e. Civil Works) með sex mánaða fyrirvara. Öðrum fjarskiptafyrirtækjum skyldi bjóðast þátttaka í framkvæmdunum með jafnri kostnaðarskiptingu. Viðgerðir eða endurnýjun einstakra heimtauga félli alla jafna ekki undir þessa kvöð.

Þá skyldi Míla veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem nauðsynleg væri til að tryggja gagnvirka þjónustu (tenging við önnur net), auk aðgangs að stoðkerfum og upplýsingum sem nauðsynlegar væru til þess að heimtaugar nýttust fyrir þann tilgang sem þær væru leigðar.

PFS lagði ennfremur jafnræðiskvöð á Mílu á heimtaugamarkaði. Míla skyldi bjóða tengdum sem ótengdum aðilum sömu verð og gæði, nota sömu afgreiðsluferla, afgreiða þjónustu innan sömu tímamarka og birta sömu upplýsingar um þjónustuna (m.a. uppbyggingar- og útbreiðsluupplýsingar). Míla skyldi því opna þau kerfi sem nýtt væru innan Skiptasamstæðunnar og nauðsynleg væru í tengslum við heimtaugarleigu fyrir ótengdum aðilum innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunarinnar, þ.e. eigi síðar en 13. nóvember 2014.

Jafnræðiskvöðinni væri ætlað að hindra að lóðrétt starfandi fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk héldi uppi háttsemi sem hefði neikvæð áhrif á samkeppni, t.d. með því að mismuna á milli tengdra og ótengdra aðila. Slík hegðun gæti m.a. falist í ófullnægjandi upplýsingagjöf til ótengdra aðila, m.a. um nýja þjónustu og/eða fyrirhugaða útbreiðslu neta.

PFS teldi sérlega mikilvægt að Míla hefði ekki möguleika á að mismuna með óeðlilegum hætti á milli tengdra og ótengdra aðila varðandi nýjungar á markaði. Þar sem tengdir smásölumarkaðir væru í stöðugri þróun, þyrftu ótengdir aðilar að hafa vissu fyrir því að viðeigandi heildsöluvörur væru tiltækar með fullnægjandi fyrirvara, svo þeir gætu boðið fram nýja eða endurbætta smásöluþjónustu á sama tíma og aðilar tengdir Mílu. PFS legði því þá kvöð á Mílu að ótengdum aðilum yrði tilkynnt um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun heimtauganets Mílu (og tengdrar þjónustu og aðrar nýjungar sem máli skiptu) með sama fyrirvara og tengdir aðilar. Skyldi sá fyrirvari ekki vera skemmri en sex mánuðir. Upplýsingarnar skyldu m.a. hafa að geyma skilmála, tæknilegar lýsingar, tímasettar útbreiðsluáætlanir, uppfærða stöðu útbreiðslu og fyrirhugaða tengistaði. Slíkar upplýsingar væru sérlega mikilvægar varðandi yfirfærslu úr ADSL í VDSL. Tengdir aðilar mættu því ekki fá umræddar upplýsingar í hendur fyrr en ótengdir aðilar.

Míla skyldi ennfremur veita tengdum sem ótengdum aðilum færi á að hafa áhrif á þróun nýrrar heildsöluvöru og fyrirhuguð tengiskil. Míla mætti ekki hafna því að þróa nýja þjónustu að beiðni ótengds aðila einungis vegna þess að tengdur aðili hefði ekki óskað eftir slíkri þjónustu. Slík beiðni ótengds aðila skyldi þó vera sanngjörn og eðlileg.

Upplýsingar um aðgang að heimtaugum og þjónustu er tengdist slíkum aðgangi skyldu vera aðgengilegar öðrum fjarskiptafyrirtækjum til jafns við tengda aðila, t.d. þekktar upplýsingar um lengd heimtauga og fjarlægð viðkomandi endanotenda frá næsta tengipunkti.

Til að tryggja að Míla færi að umræddri jafnræðiskvöð gæti PFS framkvæmt tæknilega og/eða efnahagslega athugun á því hvort ótengdir aðilar gætu líkt eftir vöruframboði tengdra aðila með sjálfbærum hætti (e. Technical and Economic Replicability). Yrði niðurstaða PFS sú að ótengdir aðilar gætu ekki leikið vöruframboð tengdra aðila eftir, af



tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum, gæti PFS fyrirskipað Mílu að breyta vöruframboði sínu og/eða bjóða fram nýja heildsöluvöru svo ótengdir aðilar gætu leikið vöruframboð hins tengda aðila eftir á eðlilegum viðskiptalegum forsendum.

PFS lagði einnig þá skyldu á Mílu að gera gæðaviðmiðunarsamninga (e. Service Level Agreements) við alla kaupendur á heimtaugum. Slíkir samningar skyldu ná yfir hina ýmsu þjónustuþætti er snéru að jafnræði varðandi heimtaugaleigu, þ.m.t. pantanir, afhendingar og þjónustuaðgengi, auk ákvæða um það hvernig forðast bæri gagnkvæmar merkjatrufnanir á milli aðila á heimtaugum Mílu.

Varðandi samkeppnisvandamál á bitastraumsmarkaðnum kom fram að PFS teldi að þar sem Skiptasamstæðan byggir yfir umtalsverðum markaðsstyrk á heimtaugamarkaðnum (fyrra sölustig) þá hefði samstæðan mikinn hvata til að synja hugsanlegum keppinautum á bitastraumsmarkaði (seinna sölustig) um aðgang. Í þessu tilviki mætti t.d. nefna að mjög erfiðlega hefði lengi vel gengið fyrir fyrirtæki að fá fullan aðgang að VDSL kerfi Mílu, sbr. t.d. beiðni Vodafone um aðgangssleið 1. Aðgangur að VDSL kerfi Mílu væri orðinn mikilvægur víða um land enda væri raunin sú að á þeim svæðum sem Míla hefði byggt upp VDSL þjónustu sína og ekki væri annað net byggt á ljósleiðurum til staðar, hefðu aðrir bitastraumsveitendur sem hefðu verið með eigið ADSL kerfi á svæðinu tapað stórum hluta viðskiptavina sinna í bitastraumspjónustu á fáeinum mánuðum.

PFS lagði m.a. aðgangskvöð á Mílu á umræddum bitastraumsmarkaði. Míla skyldi verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu á heimtaugum á heildsölustigi (aðgangsleiðir 1-3). Netaðstaðan sem hér um ræddi væri m.a. aðgangur að bitastraumi á koparheimtaugum, í þeim tilgangi að gera öðrum fjarskiptafyrirtækjum kleift að veita notendum sínum aðgang að ýmis konar bandbreiðri þjónustu. Míla skyldi einnig ef þess væri óskað annast sendingu á bitastraumnum um stofnlínunet sitt til staðar þar sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefði tengingu við net Mílu.

Í tilfalli opins sýndaraðgangs að heimtaugarhluta (VULA) með VDSL tækni skyldi aðgangur veittur í tengiskilum sem væru á aðgangsleiðum 1-3, fléttað saman við aðgang að heimtauginni sjálfri, þ.e. efra tíðnisviði koparheimtaugar.

Þá lagði PFS enn fremur jafnræðiskvöð á Mílu á bitastraumsmarkaði. Míla skyldi bjóða öllum fjarskiptafyrirtækjum sem keyptu aðgang að bitastraumi sömu skilmála og giltu um aðila innan Skiptasamstæðunnar. Fram kom að jafnvel þótt fyrirtækjum hefði verið tryggður aðgangur að bitastraumi á sama verði gæti Míla reynt að mismuna á öðrum forsendum og þannig hækkað kostnað samkeppnisaðila Skiptasamstæðunnar til að gera þeim erfitt fyrir og jafnvel bola þeim af markaði. Slík hegðun gæti t.d. falist í ófullnægjandi upplýsingagjöf til ótengdra aðila, m.a. um nýja þjónustu og/eða fyrirhugaða uppbyggingu neta. Ótengdum aðilum skyldi því tilkynnt um útbreiðslu, uppbyggingu og aðra þróun bitastraumskerfis Mílu með sama fyrirvara og tengdum aðilum og skyldi sá frestur ekki vera skemmri en 3 mánuðir. Upplýsingarnar skyldu m.a. hafa að geyma skilmála, tæknilegar lýsingar, tímasettar áætlanir varðandi uppfærslu,

útbreiðslu eða nýjungar, uppfærða stöðu slíkra framkvæmda og fyrirhugaða tengistaði. Slíkar upplýsingar væru sérlega mikilvægar varðandi yfirfærslu úr ADSL í VDSL.

Upplýsingar um aðgang að bitastraumi og þjónustu tengda slíkum aðgangi skyldu vera aðgengilegar öðrum fjarskiptafyrirtækjum til jafns við tengda aðila. Meðal annars skyldi upplýsa um lengd heimtauga í sérhverju tilviki væri hún þekkt, þ.e. fjarlægð viðkomandi endanotanda frá næsta tengipunkti. Væri heimtaug mæld af einhverjum sökum skyldi uppfæra birt gögn með niðurstöðum þeirra mælinga.

Ennfremur skyldi Míla heimila tengdum sem ótengdum aðilum að hafa áhrif á þróun nýrrar heildsöluvöru og fyrirhuguð tengiskil. Beiðni slíkra aðilar þarf eftir sem áður að vera sanngjörn og eðlileg.

VDSL kerfisrekandi gæti tryggt sér þriggja mánaða forgangsrétt að tilteknum götuskápum með því að birta útbreiðsluáform sín og tilkynna PFS um þau áform. Tilgangurinn væri að tryggja hag þess sem fyrstur sýndi vilja til fjárfestinga og þróunar á VDSL aðgangneti og auka vilja til slíkra fjárfestinga. Forgangsrétturinn næði til þeirra götuskápa sem útbreiðsluáformin næðu til.

Til að tryggja að Míla færi að umræddri kvöð gæti PFS framkvæmt tæknilega og/eða efnahagslega athugun á því hvort ótengdir aðilar gætu líkt eftir vöruframboði tengdra aðila. Yrði niðurstaða PFS sú að ótengdir aðilar gætu ekki leikið vöruframboð eininga Skiptasamstæðunnar eftir, af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum, gæti PFS fyrirskipað Mílu að breyta vöruframboði sínu og/eða bjóða fram nýja heildsöluvöru svo ótengdir aðilar gætu leikið eftir vöruframboð tengdra aðila á eðlilegum viðskiptalegum forsendum.

Míla bæri að gera gæðaviðmiðunarsamninga við alla kaupendur bitastraumsaðgangs þar sem m.a. skyldi kveðið á um gæði þjónustu og atriði sem vörðuðu jafnræði og talin væru upp í þeim kvöðum sem PFS legði á Mílu á viðkomandi markaði. Slíkir samningar skyldu ná yfir hina ýmsu þjónustuþætti er snéru að bitastraumsaðgangi. Þá skyldu þeir m.a. kveða á um það hvernig forðast skyldi gagnkvæmar merkjatruflanir á milli aðila.

### ***3.3 Viðmiðunartilboð Mílu um heimtaugaleigu***

Gildandi viðmiðunartilboð Mílu fyrir opinn aðgang að heimtaugum (RUO) er upphaflega frá 1. apríl 2009 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan með samþykki PFS. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu atriðum viðmiðunartilboðsins sem máli skipta við úrslausn þess ágreiningsmáls sem hér er til umfjöllunar.

Míla skal veita aðgangsbeiðendum fullnægjandi aðgang að upplýsingum úr línubókhaldi félagsins. Hvorum aðila um sig ber að veita gagnaðila aðgang að upplýsingum um tæknileg atriði að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Aðgangur þjónustukaupa að heimtaug í tækjarými Mílu er háður þeim stöðlum sem gilda um nýtingu tíðnirófsins og því skilyrði að þjónustukaupi valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum heimtaugum með þjónustu sinni.

Bæði Míla og aðgangsbíðandi skulu ábyrgjast örugga starfsemi neta sinna og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að net þeirra muni ekki trufla starfsemi hins aðilans eða annarra þjónustukaupa. Þá ber aðilum að hafa samvinnu um greiningu og nauðsynlegar aðgerðir í tilefni af grunsemdum um skaðlegar truflanir í heimplaugarneti Mílu.

Míla þarf að geta tryggt samtímis notkun á þeim kerfum og þjónustu sem í boði eru bæði hjá félaginu sjálfu og öðrum leigutökum sem njóta aðgangs að koparlínakerfinu. Af þessum ástæðum væri nauðsynlegt að setja fram tiltekin skilyrði fyrir aðgangi. Í þessu sambandi áskilur Míla sér m.a. rétt til að hafna notkun leigutaka ef Míla getur leitt að því líkum að þau kerfi og sú þjónusta sem fyrir eru í koparstrengnum muni truflast. Míla skal leggja fram gögn máli sínu til stuðnings.

Ennfremur er Mílu heimilt, með fyrirfram tilkynningu til leigutaka, að aftengja búnað af tengigrind og í húskassa ef félagið getur sýnt fram á, t.d. vegna kvartana frá notendum, að búnaðurinn truflar þá þjónustu sem fyrir er á línunni eða í strengnum. Á sama hátt skal Míla aftengja eigin búnað ef hægt er að sýna fram á að það sé búnaður Mílu sem truflar þá þjónustu sem fyrir er á strengnum. Í neyðartilfellum er Mílu heimilt að rjúfa tengingu að heimplaugar fyrirvaralaust og án þess að tilkynna þjónustukaupa um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis eða veldur truflunum í netum annarra þjónustukaupa.

Þá er í umræddu viðmiðunartilboði lýsing á þeim sérstöku tækniröfum sem gerðar eru til búnaðar sem óskast tengdur koparlínur. Tilgangurinn með þessum kröfum er að tryggja öryggissjónarmið varðandi vinnu við strengina og vörn gegn tæringu ásamt því að tryggja að umferð sem flutt er um einstakar línur í línakerfinu geti að öllum líkindum gengið án truflana milli lína (takmarkanir á milliheyrslu).

Þá kemur fram að DSL sambönd skuli þannig uppsett að sendistefna niðurstreymismerkja skuli ávallt vera í stefnu frá tækjarými til húskassa. Sé endabúnaður rekstraraðila hýstur í götuskáp skal aflþéttleiki (PSD) niðurstreymismerkja aðlagður (Shaping) að sama styrk niðurstreymismerkja sem koma frá símsstöð til að koma í veg fyrir truflanir af völdum milliheyrslu. Tilgangurinn með takmörkunum þessum er að koma í veg fyrir gagnkvæmar truflanir vegna milliheyrslu í strengjunum. Aflþéttleiki (PSD) uppstreymis- og niðurstreymismerkja á tíðnibilinu frá 0Hz til 30MHz skal takmarkaður í samræmi við tíðniáætlun 998E17 fyrir VDSL. Aflþéttleiki frá götuskáp skal aðlagður (Shaping) fyrir niðurstreymismerki á sama tíðnibili þar sem tekið er mið af deyfingu frá stöð í viðkomandi götuskáp.

Þá er fjallað um kröfur sem ætlað er að tryggja að ADSL þjónusta frá stöð verði ekki fyrir truflunum frá ADSL/VDSL þjónustu frá götuskáp. Þar kemur fram að aðlögun á aflþéttleika (PSD Shaping) fyrir niðurstreymismerki ADSL og VDSL sambanda frá götuskáp skuli fylgja DPBO (Downstream Power Back-Off) aðferðafræði þar sem aðlögun aflþéttleika taki mið af breytilegri deyfingu á E-hliðar lengd milli stöðvar og götuskáps.

### 3.4 Ákvörðun PFS nr. 33/2013 um breytingar á viðmiðunartilboði Mílu um heimtaugaleigu

Með ákvörðun PFS nr. 33/2013 um breytingar á viðmiðunartilboði Mílu fyrir opinn aðgang að heimtaugum (RUO), dags. 20. desember 2013, mælti stofnunin fyrir um ýmsar breytingar á umræddu viðmiðunartilboði.

Fram kom að á árinu 2010 hefði Míla gert PFS grein fyrir vandamálum sem upp hefðu komið vegna truflana í aðgangsneti félagsins. Í kjölfarið hefði PFS sent Mílu bréf þar sem fram hefði komið það mat stofnunarinnar að nauðsynlegt væri að Míla uppfærði umrætt viðmiðunartilboð sitt. PFS tók fram að tiltekin atriði skyldu vera til viðmiðunar við uppfærsluna. M.a. skyldi þar vera almennur áskilnaður um að það væri á ábyrgð allra aðila að draga úr milliheyrslu eins og kostur væri. Ennfremur ákvæði um reglubundnar mælingar Mílu sem hluta af forvörnum til að fyrirbyggja truflanir, ásamt áskilnaði um samvinnu Mílu og viðsemjenda þegar grunsemdir um truflanir vöknðu.

Í kjölfar framangreinds bréfs PFS til Mílu bárust PFS tillögur félagsins um viðbætur og breytingar á umræddu viðmiðunartilboði. Fram kom að helstu ástæður endurskoðunarinnar væru þær að Míla hefði bætt við vöruframboð sitt vöru sem fælist í aðgangi að heimtaugarhlutum, þ.m.t. götuskápum, til að fjarskiptafyrirtæki gætu veitt þjónustu á heimtaug með VDSL tækni. Í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tók PFS umrædda ákvörðun í málinu.

Í umræddri ákvörðun kvað stofnunin á um að neðangreind viðbót skyldi bætt við grein 7.5 í viðauka 1a með umræddu viðmiðunartilboði:

*„Þjónustukaupi skal ef nokkur kostur er veita þjónustusala aðgang að mælingum í gegnum kerfi þjónustukaupa þar sem eftirfarandi mælingar eru að lágmarki aðgengilegar á heimtauganeti þjónustusala:*

- *Settur heimtaugahraði gagnvart upp- og niðurstreymi.*
- *Hámarks heimtaugahraði gagnvart upp- og niðurstreymi.*
- *Deyfing heimtaugar gagnvart upp- og niðurstreymi.*
- *Suðhlutfall gagnvart upp- og niðurstreymi.*
- *Sendistyrkur í upp- og niðurstreymi.*

*Markmið ofangreindra mælinga af hálfu þjónustusala, í gegnum kerfi þjónustukaupa, er að greina hugsanlega truflanavalda á heimtauganetinu og tryggja um leið að truflanir af völdum milliheyrslu sé haldið í lágmarki.“*

Míla hefur enn ekki fært umrætt ákvæði inn í viðmiðunartilboð sitt, en með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 20. nóvember sl., fór PFS fram á að allar breytingar sem kveðið hefði verið á um í ákvörðun PFS nr. 33/2013 og ekki hefðu verið færðar í birt viðmiðunartilboð Mílu, yrðu færðar þar inn hið snarasta. Ákvæðið gildir þó að sjálfsögðu þrátt fyrir umrædda vanrækslu af hálfu Mílu.

Það sama á við um kafla 5 í viðmiðunartilboðinu sem fjallar um „öryggi neta og tilkynningar“. Samkvæmt 4. mgr. umræddrar greinar skal ákvæðið hljóða svo samkvæmt ákvörðun PFS nr. 33/2013:

*„Hyggist þjónustusali breyta tilhögun netsins, t.d. með því að fjölga/fækka sírstöðvum, skal hann gefa þjónustukaupa a.m.k. 12 mánaða fyrirvara um slíka breytingu.“*

Míla hefur látið hjá líða að bæta orðunum „t.d. með því að fjölga/fækka sírstöðvum“ í hið birta viðmiðunartilboð. Þessi skýring gildir þó eins og áður segir þrátt fyrir skort á birtingu af hálfu Mílu.

### **3.5 Krafa Snerpu um bráðabirgðaákvörðun**

Eins og að framan greinir krafðist Snerpa þess upphaflega að PFS tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu í samræmi við 11. gr. laga nr. 69/2003, þar sem félagið taldi hættu á því að dráttur á úrskurði ylli því að réttindi Snerpu færu forgörðum og að félagið yrði fyrir verulegu fjártjóni.

Fram kom í máli Snerpu að félagið hefði síðastliðna mánuði undirbúið verkefnið með innkaupum á nauðsynlegum búnaði, auk samninga við jarðvinnuverktaka. Þá hefði miklum tíma verið varið í hönnun og framkvæmd verksins og væri kostnaður verulegur. Ávöxtun og eðlileg framlegð af bundnum fjármunum byggði á því að Snerpa næði a.m.k. [...]% markaðshlutdeild í umræddu hverfi. Því þyrfti félagið að fá aðgang um umræddum milliskápalínunum til að nýta fjárfestinguna í Stórholtsskápnum betur. Allur dráttur á veitingu þjónustunnar ylli félagið verulegu tjóni. Þegar hefðu nokkrir notendur pantað VDSL þjónustu í umræddu hverfi sem Snerpa gæti ekki afgreitt að svo stöddu vegna synjunar Mílu. Ef Míla gæti lokið við uppbyggingu þeirrar þjónustu sem félagið áformaði í umræddu hverfi án þess að Snerpa gæti aðhafst á meðan vegna tafa á málsmeðferð myndi Snerpa ekki ná markmiðum sínum og þyrfti jafnvel að taka niður búnað sökum óarðbærni.

Míla taldi að skilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar væru ekki uppfyllt og því beri PFS að taka málið til hefðbundinnar málsmeðferðar. Snerpa hefði ekki tekist að færa sönnur á það að hefðbundin málsmeðferð myndi valda því að réttindi Snerpu færu forgörðum eða að félagið yrði fyrir verulegu fjártjóni vegna þessa.

Áður en PFS tók ákvörðun um hvort skilyrði væru til töku bráðabirgðaákvörðunar í málinu lýsti Míla því yfir að félagið hefði frestað frekari framkvæmdum í efri hluta Holtahverfis þar til endanleg ákvörðun lægi fyrir í málinu. Þegar af þessari ástæðu verður að telja að skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar séu ekki uppfyllt. Réttindi Snerpu hafa ekki farið forgörðum vegna hinnar hefðbundnu málsmeðferðar og ekki verður talið að tjón félagsins af þessum tögum séu verulegar, þótt nokkrar pantanir hafi legið óafgreiddar í nokkrar vikur.

Þá er rétt að geta þess að PFS var gert erfitt fyrir að afgreiða umrædda kröfu Snerpu um bráðabirgðaákvörðun á fyrri stigum málsins vegnar ónákvæmrar efnislegrar kröfugerðar Snerpu í upphafi, krafna beggja aðila um forgangsrétt að VDSL væðingu umrædds hverfis, tíðra og efnismikilla viðbótargagna og sjónarmiða beggja aðila við rekstur málsins og ágreinings aðila um staðreyndir málsins og tilhögun heimtaugakerfis Mílu í umræddu hverfi fram að umræddum framkvæmdum. Þá tók tíma að fá fullnægjandi

upplýsingar frá Mílu um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir félagsins í hverfinu. Málið varð því fljótt gríðarlega umfangsmikið af vöxtum.

Að ofangreindu virtu hafnar PFS því að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu og tekur málið til hefðbundinnar málsmeðferðar í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

### ***3.6 Mat á því hvort aðgangsbeiðni Snerpu hafi jafnframt falið í sér beiðni um aðgang að milliskápalínunum í aðra götuskápa***

Fljótlega undir rekstri málsins kom í ljós að Snerpa hefði litið svo á að beiðni um aðgang að götuskápunum í Stórholti hefði ennfremur falið í sér aðgang að milliskápalínunum í götuskápana í Sunnuholti, Móholti, Lyngholti og Kjarrholti. Væri þetta augljóst þar sem félagið gæti ekki með öðru móti lokið VDSL væðingu efri hluta Holtahverfis án slíkra milliskápalína, þar sem heimtaugar sem beint tengdust út frá Stórholtsskápunum næðu aðeins til endanotenda í hluta hverfisins.

Í málatilbúnaði sínum heldur Snerpa því fram að Míla, og áður Síminn, hafi vitað um þessi uppbyggingaráform Snerpu í langan tíma, eða allt aftur til fyrri hluta ársins 2013 er Snerpa og Síminn hefðu átt með sér fund um háhraðanetsuppbyggingu á Ísafirði, þ.m.t. í umræddu hverfi. Þá hefði starfsmanni Mílu á Ísafirði t.d. verið tilkynnt um þau áform Snerpu að tengjast inn í hverfið um Stórholtsskápinum haustið 2013. Viðskiptastjóra Snerpu hjá Mílu hefði einnig verið haldið upplýstum um málið á síðari stigum þess, töluvert áður en hin formlega pöntun hefði verið send Mílu þann 29. ágúst sl. Það hefði m.a. tafið formlega pöntun Stórholtsskápsins, og þar með milliskápalínanna, að umræddur viðskiptastjóri hefði hafnað að afhenda Snerpu nauðsynlegar upplýsingar um tengjanlegar eignir úr Stórholtsskápunum.

Míla hefur hins vegar haldið því fram að félagið hafi ekki haft vitneskju um að umrædd aðgangsbeiðni hafi ennfremur falið í sér beiðni um aðgang að umræddum milliskápalínunum fyrr en eftir að félagið hafi tilkynnt PFS formlega um útbreiðsluáætlun sína vegna VDSL væðingar og þar með tryggt sér forgangsrétt til þriggja mánaða að slíkum framkvæmdum, m.a. í umræddu hverfi að Stórholtsskápunum undanskildum, þann 9. september sl.

Þó svo fyrstu staðfestu upplýsingarnar um að Snerpa hafi formlega óskað eftir aðgangi að umræddum milliskápalínunum þann 10. september sl. verður að telja það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að Mílu hafi mátt vera þetta ljóst mun fyrr, og þá áður en félagið tilkynnti um útbreiðsluáætlun sína vegna VDSL væðingar og forgangsrétt að slíkri uppbyggingu þann 9. september sl. Í kafla 3.7 hér síðar verður nánar fjallað um umrædda kröfu Mílu um forgangsrétt að milliskápalínugötuskápunum fjórum sem hér um ræðir.

Snerpa segist ennfremur hafa athugasemdalaust fengið aðgang að milliskápalínunum hjá Mílu á öðrum stöðum í gegnum tíðina. Þá benti Snerpa á að Míla hefði t.d. ekki aðgang að neinum heimtaugum beint úr nýja götuskápunum í efri hluta Holtahverfis, sem félagið lagði síðastliðið sumar sem lið í VDSL væðingu hverfisins, og hefði því augljóslega í

hyggju að nota milliskápalínur í aðra skápa í hverfinu til að tengjast endanotendum um heimtaugar frá þeim skápum.

Á síðari stigum málsmeðferðarinnar kom fram í máli Mílu að félagið hefði aldrei haldið því fram að ekki mætti nota milliskápalínur, heldur að það mætti ekki nota þær til að fara á móti eðlilegri kerfishögun.

Í 2. kafla viðauka 2b í viðmiðunartilboði Mílu um opinn aðgang að heimtaugum (RUO) kemur m.a. fram að koparheimtaug sé skilgreind sem heil koparlína (án nokkurs tækjabúnaðar) sem tengir húskassa hjá notanda við tengigrind í símstöðvarhúsi í notendalínukerfinu. Gengið er út frá því að hægt sé að afgreiða koparlínu án nýframkvæmda, þ.e.a.s. að afgreiða línuna með millitengingum í götuskápum sem eru á milli tengigrindar í símstöð og húskassa hjá endanotendum. Með þeim samhýsingarkostum sem jafnframt bjóðast, gefst leigutaka færi á að tengja eigin búnað við línur í koparstrengjum Mílu og fá þannig aðgang að notendum um fastanetið.

Í 3. kafla sama viðauka kemur svo fram að notendalínukerfið sé stjörnukerfi með stofnstrengjum frá tengigrind símstöðvar til götuskápa þaðan sem línurnar tengjast áfram gegnum eftirstrengjakerfið, dreifiskápa og heimtaugar í húskassa í aðsetri hvers einstaks notanda.

Að ofangreindu virtu telur PFS að í beiðni Snerpu um aðgang að heimtaugum í götuskáp Mílu við Stórholt hafi jafnframt falist beiðni um aðgang að milliskápalinum í heimtaugar í götuskápunum við Sunnuholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Umrædd beiðni þarf samt, eins og allar aðrar aðgangsbeiðnir, að teljast sanngjörn og eðlileg. Verður leyst úr því álitafni hvort svo sé í kafla 3.8 hér síðar.

### ***3.7 Kröfur Mílu og Snerpu um forgangsrétt að götuskápum umræddu hverfi***

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaðir 4 og 5) frá 13. ágúst sl. var kveðið á um að netrekandi gæti tryggt sér forgangsrétt að götuskápum á ákveðnum svæðum til þriggja mánaða með því að birta útbreiðsluáform sín og tilkynna PFS um þau. Tilgangurinn væri að stuðla að uppbyggingu háhraðaneta með því að tryggja hag þess sem fyrstur sýndi vilja til fjárfestinga og þróunar á VDSL netum.

Þann 9. september 2014 barst PFS útbreiðsluáætlun Mílu vegna VDSL uppbyggingar fyrir tímabilið september til desember 2014. Fram kom að áætlunin hefði verið birt á heimasíðu félagsins þann 3. september sl. Að mati Mílu hefði félagið því í síðasta lagi þann 9. september tryggt sér forgangsrétt að götuskápum í umræddu hverfi. Þann 18. september sl. barst PFS síðan útbreiðsluáform Snerpu fyrir sama svæði. Taldi Snerpa sig þar með hafa tryggt sér forgangsrétt að þessum sömu götuskápum þar sem framangreind útbreiðsluáform Mílu hefðu verið haldin ágöllum, án þess að sú staðhæfing væri rökstudd nánar.

Þann 29. ágúst sl. barst Mílu beiðni frá Snerpu um aðgang að götuskápnunum að Stórholti. Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hafnaði Míla upphaflega umræddri aðgangsbeiðni en heimilaði hana síðan eftir að kvörtun hafði borist PFS af hálfu Snerpu.

Míla samþykkti því að ofangreindur forgangsréttur félagsins næði ekki til umrædds götuskáps. Hins vegar taldi Míla að forgangsrétturinn næði til götuskápanna við Sunnholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt, þar sem beiðni Snerpu um aðgang að milliskápalínunum úr Stórholtsskápnunum í umrædda skápa hefði ekki borist fyrir en 15. september sl.

Eins og fram kom í kafla 3.6 hér að ofan er það mat PFS að beiðni Snerpu um aðgang að Stórholtsskápnunum þann 29. ágúst sl. hafi enn fremur falið í sér beiðni um aðgang að götuskápunum við Sunnholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt um milliskápalínur frá Stórholtsskápnunum.

Að ofangreindu virtu er ljóst að umrædd aðgangsbaiðni Snerpu barst Mílu áður en félagið tilkynnti PFS um útbreiðsluáætlun sína og forgangsrétt að götuskápunum í umræddu hverfi þann 9. september sl. Þegar af þeirri ástæðu og þar sem ágreiningur reis um umrædda aðgangsbaiðni gat ekki skapast forgangsréttur til handa Mílu til götuskápa væðingar í umræddu hverfi. Það sama á við um útbreiðsluáætlun Snerpu. Hún barst enn síðar en útbreiðsluáætlun Mílu og gat því ekki skapað Snerpu umræddan forgangsrétt. Úr umræddum ágreiningi um aðgangsbaiðni Snerpu verður því leyst án þess að sjónarmið um forgangsrétt til götuskápa væðingar komi þar við sögu.

### ***3.8 Mat á því hvort beiðni Snerpu um aðgang að milliskápalínunum í aðra götuskápa sé sanngjörn og eðlileg***

#### **3.8.1 Almennt**

Eins og fram kom í kafla 3.6 hér að framan telur PFS að í beiðni Snerpu um aðgang að heimtaugum í götuskáp Mílu við Stórholt hafi jafnframt falist beiðni um aðgang að milliskápalínunum í heimtaugar í götuskápunum við Sunnholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Umrædd beiðni þarf samt, eins og allar aðrar aðgangsbaiðnir, að teljast sanngjörn og eðlileg. Verður hér leyst úr því álitaefni hvort svo sé.


Fyrst og fremst þarf að skoða hvort umrædd aðgangsbaiðni hafi í för með sér hættu á truflunum á öðrum xDSL tengingum í umræddu hverfi í formi milliheyrslu. Míla heldur því fram að svo sé þar sem merki Snerpu myndu fara á móti merkjum Mílu og stefna í átt að símsstöð Mílu við KUBB en ekki frá henni eins og viðmiðunartilboð Mílu um heimtaugaleigu og alþjóðlegir staðlar gera ráð fyrir. Snerpa er þessu ósammála, nema að því er varðar Móholtsskápin. Að mati Snerpu gæti Míla með auðveldum hætti breytt merkjastefnu varðandi þann skáp þannig að merki félaganna færu ekki á móti hverju öðru.

Þá heldur Snerpa því fram að Míla geti hagað kerfisuppbyggingu sinni í umræddu hverfi með þeim hætti að bæði félögin geti veitt þar xDSL þjónustu, þ.m.t. VDSL þjónustu, án hættu á milliheyrslu á heimtaugum er tengjast umæddum götuskápunum, en Míla er því ósammála.


Hér að neðan má sjá myndir af högun heimtaugakerfis Mílu í Holtahverfi (bæði neðra og efra hverfið). Fyrri myndin er einlínunmynd af kerfinu eins og það var áður en Míla setti



upp tvo nýja götuskápa fyrir VDSL búnað í hverfinu (merktir með rauðum hring á seinni myndinni). Efri hverfið, sem ágreiningur málsins snýst um, er gulmerkt á neðri myndinni. Stórholtsskápurinn, þar sem Snerpu hefur tengst inn í kerfið í gegnum nágreinshýsingu, er merktur SK4514, Sunnuholtsskápurinn SK4497, Móholtsskápurinn SK 4475, Lyngholtsskápurinn SK 4487 og Kjarrholtsskápurinn SK 4493. Aðrir skápar eru í neðra hverfinu, sem rauðmerkt er á seinni myndinni:




Dags	25.09.2014
Fyrirtæki	Mila Suðurlandsbrétt 30 108 Reykjavík




Á næstu tveimur myndum má sjá högun koparheimtaugakerfis Mílu í efri hluta Holtahverfis. Fyrri myndin sýnir högunina eins og hún er fyrir framangreindar framkvæmdir Mílu og sú síðari eftir umræddar framkvæmdir, þ.m.t. uppsetningu hins nýja götuskáps (SK 15130) sem hýsir VDSL búnað Mílu. Myndirnar stafa frá Mílu og hafa m.a. að geyma hugleiðingar félagsins um truflanir og ber að skoða þær í því ljósi. Á fyrri myndina vantar gula línu vegna ADSL teninga frá Stórholtsskápunum í

Sunnuholtsskápin. Rauðu örvarnar eru þær leiðir sem Snerpa hefur óskað eftir að fá að fara en félaginu hefur fram til þessa aðeins verið veitt aðgangur að Stórholtsskápinum:



Mynd sem sýnir þann hluta götuskápkakerfis Milu sem deilan snýst um í Holtahverfi á Ísafirði áður en Míla setur upp búnað í götuskaða á svæðinu.



Mynd sem sýnir þann hluta götuskápkakerfis Milu sem deilan snýst um í Holtahverfi á Ísafirði eftir að Míla setur upp búnað í götuskaða á svæðinu.

Á mynd Mílu hér að ofan má sjá hvaða strengir og strengjaleiðir eru á parstrengjum annars vegar og á stjörnuþrengjum hins vegar. Þær upplýsingar eru réttar að öðru leyti en

Því að hinn 245 metra langi strengur frá nýja skápnum (SK15130) í Stórholtsskápinum samanstendur annars vegar að 100 línu stjörnustring og hins vegar af 30 línu parstring.

Í stjörnustringjum er allt strengjabúntið vafið saman án þess að hvert línubúnt sé snúið um sjálft sig eins og raunin er varðandi parstringi. Aðilar eru sammála um að slíkt valdi verulegri hættu á milliheyrslu og rýri gæði strengsins verulega til flutnings á xDSL merki óháð stefnu þeirra. Því eru stjörnustringir útsettari fyrir milliheyrslu en parstringir. Því verður að telja það eðlilega högun VDSL kerfa að reyna að sneiða hjá stjörnustringjum eins og frekast er kostur.

Samkvæmt upplýsingum Mílu var ákveðið að ráðast í umrædda VDSL væðingu í Holtahverfi í áætlunargerð árið 2013. Grófhönnun hefði hafist þann 10. júní 2014 og lokahönnun með skoðun á vettvangi hefði farið fram um miðjan ágúst sl. Útbreiðsluáætlun, sem m.a. hafði að geyma þessar framkvæmdir, hefði svo verið birt á heimasíðu Mílu þann 3. september og tilkynnt til PFS þann 9. september sl.

Varðandi hönnunarforsendur verkefnisins kom fram að þegar VDSL væðing Mílu hefði hafist á Breiðbandssvæðum<sup>3</sup> hefði verið gert ráð fyrir 200 metra hámarksfjarlægð frá götuskáp til endanotanda og 400 metra hámarksfjarlægð utan Breiðbandssvæða. Vigrun réði við 100 Mb/s á allt að 400 metra línunum. Í undantekningartilvikum gæti þó verið farið út fyrir þessar forsendur, en þá aðeins varðandi einstök hús. Á árunum 2012/2013 hefði þó verið hafist handa við VDSL uppbyggingu á um 55 þéttbýlisstöðum miðað við 1000 metra hámarksfjarlægð. Þá væri um að ræða minni bæjarfélög sem tengd væru út frá símsstöð staðarins. Samkvæmt framangreindu gildir hið 400 metra viðmið varðandi framkvæmdir í Holtahverfi á Ísafirði.

### 3.8.2 Nánar um kröfur og sjónarmið Mílu í málinu

Að mati Mílu væri Stórholtsskápurinn á jaðri koparlínukerfisins og allar milliskápalínur úr honum tengdust lengra inn í línukerfið í átt að símsstöð. Förræði yfir högun aðgangsnets Mílu yrði að vera í höndum félagsins. Það væri því bæði lögbundinn réttur og skylda eiganda kerfisins að takmarka truflanir og vernda heildstæði netsins, enda varðaði það mikilvæga hagsmuni Mílu og notenda kerfisins. Allar íþyngjandi ákvarðanir PFS gætu dregið úr vilja Mílu til VDSL uppbyggingar sem hefði mikla samfélagslega þýðingu.

Ástæða takmörkunarákvæðisins í viðmiðunartilboðinu væri að forðast milliheyrslu sem annars yrði á milli merkja sem færu um koparlínur og tengigrindur og væru á sömu tíðni en væru missterk vegna fjarlægðar frá búnaði. Milliheyrsla yrði því á þeim línuhlutum þar sem merkin væru í sama línubúnti og á sameiginlegum tengigrindum sem merkin færu um. Reynsla Mílu væri sú að í tengigrindum væri einn helsti staðurinn þar sem milliheyrsla yrði í kerfinu og skipti þá ekki máli hvort tengigrindin væri í símsstöð eða götuskáp. Stefna upphalsmerkja væri í gagnstæða átt miðað við stefnu niðrhalsmerkja og ekki væri síðri hætta á truflunum varðandi upphalsmerkin. Því hafnaði Míla hvers

---

<sup>3</sup> Svæði þar sem svokallað Breiðband Símans hafði verið sett upp (coax kerfi). Það kerfi hafði verið lagt af þegar hér var komið sögu.

kyns áformum um sérreglur og undantekningar sem leiddu eingöngu til þess að veikja heildarkerfið og skerða þannig hagsmuni viðskiptavina sem á því væru. Slíkt myndi leiða til þess að núverandi viðskiptavinir á kerfi Mílu fengju verri þjónustu en áður.

Ástæða þess að settar væru almennar reglur um takmarkanir á aðgangi að koparlínukerfi Mílu væri einnig að tryggja fyrirsjáanleika þannig að ekki þyrftu að rísa deilur í hvert skipti sem aðgangs væri leitað. Bannað væri að tengja búnað í andstæða stefnu inn á koparlínukerfið. Að leyfa það myndi valda truflunum á öðrum tengingum og væri andstætt tæknilegri högun kerfisins. Nauðsynlegt væri því að hafa skýrar reglur til að lágmarka truflanahættu. Ógjörningur væri fyrir Mílu að vinna eftir því að aðgangsbeiðandi gæti endurskilgreint hvað væri í átt að símsstöð og hvað ekki eftir strengtegundum eða eigin hentugleika. Þær takmarkanir sem Míla hefði gert væru af tæknilegum toga vegna fyrirsjáanlegrar truflanahættu. Truflanahættan væri ekki eingöngu vegna tenginga Snerpu heldur einnig vegna þess að tengingar Mílu myndu trufla tengingar Snerpu þar sem tengingar Snerpu myndu sums staðar fara mun lengri leiðir í kerfinu og væru því deyfðari.

Þá kom fram að Míla hefði aldrei haldið því fram að ekki mætti nota milliskápalínur, heldur að það mætti ekki nota þær til að fara á móti eðlilegri kerfishögun. Eðlileg kerfishögun fæli í sér að setja búnað niður þannig að umferðarstefnur héldust. Að öllu jöfnu segði línulengd til um það hvort götuskápur væri nær eða fjær símsstöð.

Málamiðlunartillaga Snerpu, sem fælist í því að breyta fyrirhugaðri högun kerfisins þannig að Stórholtsskápurinn yrði notaður í stað hins nýja skáps og Móholt yrði tengt frá Stórholti um Sunnuholt, leysi ekki málið þar sem þeir sem nyttu þjónustu um kerfið myndu fá lakari þjónustu vegna lengri línuleiða, bæði viðskiptavinir Snerpu og Mílu, og það þrátt fyrir að Snerpa myndi deyfa merki sitt. Míla gæti ekki bent á neina leið eða nýja högun sem ekki krefðist verulegs kostnaðar eða skerðingar á gæðum tenginga. Hönnunarforsendur miðuðust við 400 metra hámarks lengd heimtauga og ekki væri hægt að fallast á lausn sem leiddi til lengri vegalengdar og þar með skertra gæða notenda.

Að lokum kom fram í máli Mílu að Snerpa bæri sönnunarbyrðina fyrir því að merki félagsins myndu ekki valda truflunum ef umræddar milliskápalínur yrði veittar. Varðandi vísan Snerpu til fyrirhugaðrar VDSL væðingar Mílu í efri bænum á Ísafirði (Hlíðarvegur/Túngata) væri það að segja að sú högun gerði ekki ráð fyrir öðru en að stefna merkja yrði alls staðar frá símsstöð.

### 3.8.3 Nánar um sjónarmið Snerpu í málinu

Snerpa mótmælti því að Stórholtsskápurinn væri á jaðri línukerfisins í efri hluta Holtahverfis. T.d. væru allir nema einn notandi við Sunnuholt með skráða línuleið um Stórholtsskápin, en ekki Móholtsskápin eins og Míla hefði nú í hyggju að haga kerfi sínu við VDSL væðingu hverfisins. Engin milliskápalína úr Stórholtsskápinum lægi í átt til símsstöðvar, heldur einungis 130 línu stofnstrengur Stórholtsskápsins sem lægi beint til símsstöðvar í KUBB með viðkomu í nýja götuskápinum eftir nýlegar framkvæmdir Mílu. Fjöldi húsa í hverfinu væri fæddur með heimtaugum þannig að þær lægju frá símsstöð í KUBB í Stórholtsskápin og þaðan í götuskáp í viðkomandi götum.

Væri VDSL merki fætt að götuskáp úr tveimur áttum hefði slíkt ekki áhrif til truflunar og væri því ekki hægt að tala um að beiðni Snerpu jafngilti því að óskað væri eftir VDSL aðgangi þar sem niðurstraumur yrði í átt að símstöð. Ekki væri um milliheyrslu að ræða á xDSL merkjum á tengigrind eða á milli aðila í jarðstrengjum þegar merki færu í sömu átt. Þótt Míla og Snerpa myndu nota sömu milliskápalínur í sömu átt skapaðist ekki meiri hætta á milliheyrslu en annars staðar á landinu þar sem svo háttaði til. Milliheyrsla á tengigrind í skáp færi eftir því hversu vandaður frágangur væri á kúplingum í grindinni og væri í engu frábrugðin milliheyrslu sem upp gætu komið í símstöð við sömu aðstæður. Míla bæri að tryggja að kúplingar með andstæðum niðurstreymismerkjum lægju ekki saman í tengibúnti. Þegar Míla fékk aðgang að götuskáp í efri bænum (Hlíðarvegur) árið 2013 í gegnum ÍSAF símstöðina hefði ekki orðið milliheyrsla í tengigrind í þeim götukassa. Raunar hefði ekkert dæmi um truflun komið upp á starfstíma Smartnets Snerpu.

Það væri rangt hjá Mílu að xDSL merki þyrftu að vera missterk vegna mismunandi vegalengdar frá búnaði. Unnt væri að deyfa styrk ADSL merkja ef þess reyndist þörf. Einnig væri hægt að skerða VDSL tíðnisvið ef upp kæmu truflanir á ADSL tengingum í sama streng. Snerpa hefði áður kynnt og notað styrkstíllingar sem hægt væri að nota til að hindra slíkar truflanir. Snerpa andmælti því t.d. að VDSL merki Snerpu sem kæmi frá Stórholtsskápnunum væri mun sterkara en xDSL merki Mílu sem kæmu frá símstöð í KUBB eða nýja skápnunum. Snerpa deyfði merkið sem kæmi frá Stórholtsskápnunum með DPBO/UPBO aðferð. Merki Snerpu væru hins vegar án truflana frá búnaði í símstöð í KUBB eða nýja skápnunum og væru gæðin því mun meiri fyrir endanotandann. Tenging Mílu myndi þannig ekki trufla tengingar Snerpu í þeim tilvikum þar sem tenging Mílu færi um styttri veg en tengingar Snerpu, því Míla gæti einnig deyft merki sitt. Deyft merki þyrfti ekki að þýða lélegra merki, einungis að það væri laust við truflanir vegna milliheyrslu annars búnaðar lengra inn í kerfinu. Deyfing stuðlaði því að samhæfingu merkja.

Einungis hluti milliskápalína í hverfinu væri með merki frá báðum aðilum á sama streng. Það væri Snerpa hulin ráðgáta hvernig hægt væri að leyfa Mílu að setja upp VDSL búnað í efri bænum, þar sem Snerpa væri með VDSL rekstur, ef slík truflanahætta væri fyrir hendi. Snerpa væri að nota milliskápalínur þar og Míla hefði einnig í hyggju að nýta slíkar línur í yfirstandandi VDSL væðingu sinni í því hverfi.

Snerpa mun ekki nota stjörnustrengi frá nýja götuskáp Mílu í Móholtsskápinum né í Lyngholtsskápinum og þaðan af síður strenginn frá nýja skápnunum í Stórholtsskápinum. Þar væru hins vegar í boði 100 línu parstrengur sem Míla gæti notað til að breyta högun kerfisins þannig að Stórholtsskápurinn yrði notaður til að fæða þá fjóra götuskápa sem ágreiningurinn stæði um. Eini stjörnustrengurinn sem Snerpa þyrfti að nota væri á milli Stórholtss og Lyngholts. Þar væri þó einnig parstrengur í boði að hluta. Í raun hefði Míla fremur átt að senda merki inn í Stórholtsskápinum en að setja upp hinn nýja skáp. Þá hefði verið hægt að forðast stjörnustrengi að mestu án þess að fara á móti merkjum frá símstöð.

Þá væri stysta landfræðilega leiðin ekki endilega ávallt sú heppilegasta fyrir gæði xDSL merkja. Míla væri t.d. að breyta línuleiðum í efri bænum á Ísafirði þar sem þetta væri staðfest.

Af gögnum málsins sýndist Snerpu sem Míla hefði fallist á að stefna merkja í umrædda skápa, að Móholtsskápnum undanskildum, væri í samræmi við beiðni Snerpu. Því væri ljóst að aðeins hin umbeðna milliskápatenging á milli Sunnuholts og Móholts væri á móti fyrirhugaðri VDSL umferð Mílu.

Míla hefði sett upp um tvo nýja skápa í Holtahverfi síðastliðið sumar. Úr þeim væru engar heimtaugar heldur hefðu þeir verið settir upp til að hýsa VDSL búnað Mílu. Þannig næði Míla að stytta línulengd til heimtauga frá hinum nýja búnaði í skápnum. Þetta skerti hins vegar gæði tenginga Snerpu í Holtahverfi. Ekkert samráð hefði verið haft við Snerpu um þessar breytingar á högun kerfisins af hálfu Mílu.

Míla hlyti að bera einhvern halla af ónákvæmum svörum, upplýsingum og viðbrögðum við beiðni Snerpu í máli þessu. Mikilvægt væri fyrir Snerpu að sett yrði fordæmi þess eðlis að Míla þyrfti að eiga samráð við aðra notendur aðgangsnets Mílu ef fyrirhugað væri að breyta því. Þá hefði Snerpa enga kynningu fengið á yfirstandandi framkvæmdum Mílu í efri bænum á Ísafirði. Slíkt yrði að teljast óþolandi framkoma gagnvart öðrum notendum heimtauganets Mílu.

Snerpa hefði ávallt verið reiðubúin til að eiga samstarf við Mílu um breytingar á heimtaugakerfinu í því skyni að hámarka nýtingu þess og lágmarka truflanir. Minnt skyldi á þá kvöð sem hvílir á Mílu samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014 að Mílu bæri að heimila tengdum sem ótengdum aðilum að hafa áhrif á þróun nýrrar heildsöluvöru og hugsanleg tengiskil.

Að öllu framangreindu virtu væri það mat Snerpu að umrædd aðgangsbeiðni Snerpu væri ekki þess eðlis að veða að heildstæði aðgangsnets Mílu.

#### 3.8.4 Sunnuholtsskápurn

Áður en Míla lagði í VDSL væðingu efra Holtahverfis, m.a. með uppsetningu nýs götuskáps (SK15130), voru heimtaugar út frá Sunnuholtsskápnum fæddar frá Stórholtsskápnum utan einnar heimtaugar sem fædd var frá Móholtsskápnum. Staðan er ennþá þessi þar sem Míla hefur frestað því að virkja VDSL búnað sinn í hinum nýja skáp á meðan mál þetta er til úrlausnar. Eins og að framan greinir hefur Míla í hyggju að fæða Sunnuholtsskápinn alfarið frá Móholtsskápnum en ekki Stórholtsskápnum eins og Snerpa telur eðlilegra.

Snerpa hefur bent á að ADSL merki Mílu frá Stórholtsskápnum í Sunnuholtsskápinn væri með sömu merkjastefnu og Snerpa vildi fara. Að mati Snerpu væri Stórholtsskápurn ekki á jaðri koparlínukerfisins í umræddu hverfi. T.d. væru 4 af 5 notendum við Sunnuholt með skráða línuleið um Stórholtsskápinn. Ekki væri því verið að senda merki Snerpu í átt að símsstöð. T.d. hefði VDSL tenging Snerpu við Sunnuholt [...] í gegnum Stórholtsskápinn, sem Míla hefði nú aftengt, verið með stefnu niðurstreymismerkis í átt

frá símsstöð miðað við línuleið talsímaþjónustunnar. Aðgangur Snerpu að milliskápalínunum úr Stórholtsskápnum í Sunnuholtsskápinn myndi ekki valda truflunum á xDSL þjónustu Mílu í sama skáp þar sem Snerpa gæti deyft merki sitt frá Stórholtsskápnum með DPBO/UPBO tækni.

Míla tók fram að merki Snerpu sem kæmi frá Stórholtsskápnum um milliskápalínur í Sunnuholtsskápinn væri mun sterkara en merki sem kæmi frá símsstöð eða nýja götuskáp Mílu og myndi trufla þau merki. Slíkur aðgangur myndi því trufla aðrar tengingar sem færu eðlilega leið í kerfinu. Tillaga Snerpu gengi út frá því að merki Mílu í Sunnuholtsskápinn myndu fara í gegnum Stórholtsskápinn en ekki Móholtsskápinn. Það myndi þýða að notendur Mílu í Sunnuholti fengju þá mun lakari tengingar en áður.

Fram kemur í viðmiðunartilboði Mílu um opinn aðgang að heimtaugum að sendistefna niðurstreymismerkja skuli ávallt vera í stefnu frá tækjarými (símsstöð eða götuskápur) til húskassa. Þar segir ennfreður að aflþéttleiki niðurstreymismerkja aðgangsbeiðanda skuli aðlagður að sama styrk niðurstreymismerkja sem koma frá símsstöð til þess að koma í veg fyrir truflanir af völdum milliheyrlu. Bæði Míla og aðgangsbeiðandi skyldu ábyrgjast örugga starfsemi neta sinna og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að net þeirra myndu ekki trufla starfsemi hins aðilans eða annarra þjónustukaupa. Að lokum kemur þar fram að aðilum beri að hafa samvinnu um greiningu og nauðsynlegar aðgerðir í tilefni af grunsemdum um skaðlegar truflanir í heimtauganeti Mílu.

Í ákvörðun sinni nr. 21/2014 á mörkuðum 4 og 5 lagði PFS m.a. þá kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum sínum og tengdri aðstöðu á heildsölustigi, þ.m.t. aðgang að heimtugarhlutum (götuskápur). PFS taldi kvaðirnar vera í þágu samkeppni til lengri tíma litið og til þess fallnar að auka framboð á þjónustu. Kvöð um aðgang að heimtaugum á heildsölustigi væri nauðsynleg forsenda þess að virk samkeppni gæti átt sér stað á tengdum smásölumörkuðum, t.d. varðandi talsíma og gagnaflutning. Aðgangshindranir kæmu í veg fyrir að keppinautar Mílu gætu byggt upp umfangsmikil og landsdekkandi heimtauganet og því væri það talið nauðsynleg forsenda virkrar samkeppni að þeir gætu fengið aðgang að landsdekkandi neti Mílu. Með tengingu við heimtauganet Mílu fengju fyrirtækin betri nýtingu á þeim fjarskiptabúnaði sem þau hefðu fjárfest í. Meginmarkmið kvaðanna var því að auka samkeppni á viðkomandi markaði og skapa skilyrði fyrir innkomu og vöxt sjálfstæðra þjónustuaðila.

Þá kom fram í umræddri ákvörðun að Mílu væri einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á heimtaugum á grundvelli grunnkrafna er vörðuðu rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, heildstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna.

Þá kom fram að Míla gæti, stöðu sinnar vegna, haft áhrif á val samkeppnisaðila Skiptasamstæðunnar á tæknilegum útfærslum, s.s. VDSL, t.d. með því að hafna aðgangsbeiðni þeirra á grundvelli hugsanlegra truflana. Þekktar aðgerðir fjarskiptafyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk væru m.a. fólgnar í því að draga samningaviðræður á langinn og bera tæknilegum örðugleikum fyrir sig.

Að lokum kom fram í umræddri ákvörðun að Míla skyldi gera gæðaviðmiðunarsamninga við aðgangsbeyðendur. Þar skal m.a. kveðið á um hvernig forðast beri gagnkvæmar merkjatrufnanir á milli aðila á heimtaugum Mílu.

Af ofangreindu er ljóst að við túlkun á umræddri aðgangskvöð sem hvílir á Mílu ber að gjalda varhug við fullyrðingum Mílu um að tæknilegir örðugleikar og/eða truflanahætta skapist af aðgangsbeyðnum að heimtaugarhlutum. Hins vegar kveður viðmiðunartilboð Mílu skýrt á um það að aðgangur skuli veittur frá tækjarými (símstöð/götuskáp) að húskassa endanotenda.

Þegar aðgangsbeyðni Snerpu er metin telur PFS að taka skuli mið af högun koparlínukerfisins eins og það var fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir Mílu. Beyðni Snerpu barst Mílu áður en félagið kynnti hinar fyrirhuguðu framkvæmdir, sem nú eru í biðstöðu vegna þess ágreinings sem hér er leyst úr.

Til að meta hvort beyðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnum í Sunnholtsskápinum feli í sér sanngjarna og eðlilega aðgangsbeyðni í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, þarf því fyrst og fremst að leysa úr því álitaefni hvort umrædd tengileið teljist í átt til sírstöðvar eða ekki. Að mati PFS er þessi tengileið í samræmi við stefnuleið talsíma og ADSL tenginga Mílu hingað til og getur því ekki talist fara í átt að sírstöð. Fremur má segja að Sunnholtsskápurinn sé á jaðri koparlínukerfisins en Stórholtsskápurinn í þessu sambandi.

Að ofangreindu virtu telst beyðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnum í Sunnholtsskápinum fela í sér sanngjarna og eðlilega aðgangsbeyðni í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Ber Mílu því að verða við umræddri beyðni án ástæðulauss dráttar. Míla getur því ýmist tengst Sunnholtsskápnum í gegnum Móholtsskápinum, í gegnum Stórholtsskápinum beint frá hinum nýja götuskáp eða í gegnum Stórholtsskápinum með uppsetningu VDSL búnaðar í honum. Báðir aðilar skulu vinna saman að samræmingu merkja sinna þannig að truflanir verði sem minnstar og afkastageta tenginga beggja aðila sem mest.

### 3.8.5 Móholtsskápurinn

Aðgangsbeyðni Snerpu varðandi Móholtsskápinum gengur út á milliskápatengingu úr Stórholtsskápnum í Sunnholtsskápinum og þaðan yfir í Móholtsskápinum. Í dag er Míla með xDSL tengingu úr Móholtsskápnum yfir í Sunnholtsskápinum. Aðilar máls eru sammála um að þar myndi umrædd aðgangsbeyðni Snerpu fela í sér beyðni um aðgang á móti umferð.

Snerpa hefur gert þá tillögu til úrlausnar á þessu vandamáli að Míla breyti högun á kerfi sínu þannig að Kjarrholtsskápurinn verði fæddur frá hinum nýja götuskáp í gegnum Stórholtsskápinum og Sunnholtsskápana en ekki beint úr hinum nýja skáp í Móholtsskápinum. Míla sér þessu ýmislegt til foráttu. Til að mynda samanstæði tengingin á milli Sunnholtsskápa og Móholtsskápana aðeins af 10 línunum og næði því ekki að þjónusta allar 16 húseignirnar sem fæddar eru frá Móholtsskápnum. Þá myndi línulengd frá nýja



götuskápnnum í Móholtsskápinn lengjast úr 115 metrum í 570-650 metra með þessari högun sem væri töluvert umfram þær 400 metra hönnunarforsendur sem Míla byggði á í þessum hverfi sem og öðrum þar sem Breiðband hafði ekki verið fyrir. Þetta myndi bæði vera kostnaðarsamt og leiða til mun lélegri tenginga umræddra íbúa. Þá væri ljóst að Míla hefði forræði yfir högun kerfis síns og þyrfti ekki að breyta því til samræmis við ósanngjarnar óskir aðgangsbeiðenda.

Það er rétt hjá Mílu að félagið hafi almennt forræði yfir högun koparlínukerfisins. Félagið ber ábyrgð á heildstæði kerfisins og gæðum þess. PFS myndi því aðeins í algjörum undantekningartilvikum mæla fyrir um breytingu á högun koparlínukerfa Mílu, t.d. þegar högun kerfisins þyki óeðlileg og keppinautar Skiptasamstæðunnar gætu ekki leikið eftir vöruframboði samstæðunnar á eðlilegum viðskiptalegum forsendum. Væntanlega myndu þá kostir eins og opinn sýndaraðgangur (VULA) eða bitastraumsaðgangur þó fyrst koma til skoðunar áður en afskipti yrðu höfð af högun koparlínukerfisins.

Ofangreind beiðni um milliskápatengingu úr Sunnuholtsskápnum í Móholtsskápinn telst ekki sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni. Er þá í fyrsta lagi horft til þeirrar staðreyndar að beiðnin felur í sér tengingu á mótum umferð sem ekki er unnt að fallast á vegna milliheyrluvandamála. Þar fyrir utan telst beiðnin ekki sanngjörn og eðlileg þar sem þá væri forræði Mílu yfir koparlínukerfi félagsins skert, auk þess sem tengingar yrðu mun verri en ella.

Í framangreindri ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur m.a. fram að Míla skyldi veita aðgang að hluta koparheimtaugar, m.a. að götuskápum. Fram kom að vegna þeirra erfiðleika sem upp gætu komið við að veita fleiri en einum aðila aðgang að heimtaugarhluta sem bærir VDSL kerfi, yrði að leysa umrædda aðgangskvöð með opnum sýndaraðgangi (VULA). PFS lagði því þá kvöð á Mílu að veita aðgang að heimtaug frá símsstöð til endanotenda á þann hátt að leigjandi sýndaraðgangs hefði fullan aðgang að viðkomandi VDSL kerfi og gæti stýrt þjónustu við endanotendur á sama hátt og starfrækti hann eigið VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þyrfti til að veita hvers kyns þjónustu yfir bitastraum, þ.m.t. IPTV. Þar sem opinn sýndaraðgangur ætti að líkja eftir opnum aðgangi fengi leigjandi aðgang að nokkurs konar sýndarrás sem veitti honum þá netaðstöðu sem hann óskaði eftir.

Míla skal því veita Snerpu fullnægjandi opinn sýndaraðgang (VULA) frá símsstöðinni í KUBB í húskassa þeirra notenda sem fæddir væru úr umræddum götuskáp við Móholt. Umræddur sýndaraðgangur skal veittur í tengiskilum sem væru á aðgangsleiðum 1-3, fléttað saman við aðgang að heimtauginni sjálfri.

Að ofangreindu virtu telst beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr Sunnuholtsskápnum í Móholtsskápinn ekki sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni. Míla skal þó veita Snerpu fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá símsstöðinni í KUBB í húskassa þeirra notenda sem fæddir væru úr umræddum götuskáp við Móholt.

### 3.8.6 Lyngholts- og Kjarrholtsskáparnir

Aðgangsbeiðni Snerpu varðandi Lyngholts- og Kjarrholtsskápana gengur út á milliskápatengingu úr Stórholtsskápnunum í Lyngholtsskápinum og þaðan yfir í Kjarrholtsskápinum. Í dag er Míla með xDSL tengingar frá símstöðinni í KUBB yfir í Lyngholtsskápinum og þaðan yfir í Kjarrholtsskápinum. Hinar áformuðu framkvæmdir breyta ekki þessari högun að öðru leyti en því að tengingin frá KUBB mun fara í gegnum hinn nýja götuskáp áður en hún nær til götuskápanna í Lyng- og Kjarrholti.

Í upphafi máls hélt Míla því fram að ADSL niðurstreymismerki stefndi úr Lyngholtsskápinum í Stórholtsskápinum en svo er ekki. Umrædd merki fara beint úr símstöðinni í KUBB í Stórholtsskápinum. Míla er því ekki að nýta milliskápastreng á milli Lyngholts- og Stórholtsskápanna. Því væru engin xDSL merki þar á milli í dag né verða eftir fyrirhugaðar framkvæmdir Mílu.

Umræddur strengur á milli Stórholts- og Lyngholtsskápanna er 349 metrar að lengd og er stjörnustrengur að hluta. Strengur Mílu úr nýja götuskápnunum í Lyngholtsskápinum mun verða 110 metrar á stjörnustreng. Eins og fram hefur komið er allt strengjabúntið í tilviki stjörnustrengja vafið saman án þess að að hvert línubúnt sé snúið um sjálft sig eins og tilvikið er varðandi parstrengi. Aðilar eru sammála um að slíkt valdi verulegri hættu á milliheyrslu og rýri gæði strengja verulega til flutnings á xDSL merkjum. Því eru stjörnustrengir útsettari fyrir milliheyrslu en parstrengir. Því verður að telja það eðlilega högun VDSL kerfa að reyna að sneiða hjá stjörnustrengjum eins og frekast er kostur.

Í máli Mílu kom fram að ekki væri gert ráð fyrir að Snerpa deyfði merki sitt á þessari línuleið. Það þýddi að Snerpa þyrfti að halda utan um DPBO/UPBO stillingar á kerfinu per línukort eða jafnvel per línu. Líklega ylli þetta aukinni milliheyrslu á milli tenginga Snerpu í kapli á milli búnaðar Snerpu í nágrannahýsingu og tengigrindar í Stórholtsskápnunum. En þetta vandamál snerti Snerpu fyrst og fremst. Að mati Snerpu væri ekki vandamál að halda utan um DPBO/UPBO stillingar per einstakt port í búnaði félagsins.

Í máli Snerpu kom fram að Míla þyrfti að deyfa merki sitt til samræmis við merki Snerpu og gæti umrædd aðgangsbeiðni því ekki talist ósanngjörn. Míla fær hins vegar ekki séð að sú aðferð að deyfa merkið nýtist í þessu tilviki þar sem fjarlægðir færu þá umfram 400 metra hönnunarforsendur félagsins með tilheyrandi skerðingum á afkastagetu tenginga. Ef Míla deyfði merki sitt til samræmis við merki Snerpu þarna yrði merkið orðið að lágmarki 460 metrar í Lyngholtsskápinum, að heimtaugum úr götuskáp í viðkomandi hús undanskildum, og það um stjörnustreng. Við bættist svo 125 metra strengur á milli Lyngholts- og Kjarrholtsskápanna. Línulengdir yrðu því töluvert yfir umræddum hönnunarforsendum Mílu. Íbúar Móholts og Kjarrholts myndu því líða fyrir þetta fyrirkomulag, ásamt því sem það myndi auka kostnað Mílu og þjónustuveitenda.

Ekki er ágreiningur í málinu um að umrædd beiðni Snerpu um milliskápatengingu á milli Stórholtsskápsins og Lyngholtsskápsins felur ekki í sér að óskað sé eftir að fara á móti umferð, enda hefur Míla engar xDSL tengingar á milli umræddra skápa. Míla hefur hins vegar haldið því fram að milliheyrsla geti einnig myndast í götuskápum. PFS telur að slík

hætta sé ekki meiri en gerist og gengur annars staðar ef frágangur Mílu er fullnægjandi. Ekki verður heldur fallist á það með Mílu að umræddur aðgangur fæli í sér beiðni um aðgang í átt að símstöð. Við mat á því er ekki eingöngu unnt að einblína á landfræðilega legu koparlínunetsins heldur verður ekki síður að líta til tæknilegrar högunar þess. Tæknileg högun koparlínunets Mílu í umræddu hverfi er þannig að ekki er um að ræða beiðni um aðgang í átt að símstöð. Þá er enn fremur ljóst að milliskápatening á milli Lyngholts og Kjarrholts telst heldur ekki beiðni um aðgang í átt að símstöð.

Eins og fram hefur komið hefur Míla nú þegar sett niður nýjan skáp til að veita VDSL þjónustu í efra Holtahverfi. Sá búnaður hefur þó ekki verið virkjaður vegna þess ágreinings sem hér er til umfjöllunar. Inn í þennan skáp hefðu verið teknar allar þrjár stöðvarlínurnar frá KUBB inn í hverfið. Þetta fyrirkomulag gæfi Mílu aðgang að öllum heimtaugum í hverfinu innan ásættanlegra fjarlægðarmarkna fyrir VDSL merki sitt, þ.e. innan umræddra 400 metra hönnunarforsendna.

PFS telur að hin fyrirhugaða högun Mílu varðandi uppsetningu VDSL búnaðar í hinum nýja skáp og tenging beinustu leið í Lyngholtsskápinn og um milliskápalínu yfir í Kjarrholtsskápinn sé eðlileg á allan hátt. Snerpa hefur ekki gert athugasemdir við þá högun. Hins vegar er ljóst að umrædd beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnum í Lyngholtsskápinn og þaðan í Kjarrholtsskápinn, með tilheyrandi deyfingu merkja sem virkar til verulegrar lengingar vegalengda og það umfram eðlilegar hönnunarforsendur, telst ekki sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni. Slík högun myndi kalla á skert gagnaflutningsgæði yfir íbúa sem tengdust út frá götuskápunum við Lyngholt og Kjarrholt. Verður að telja það óviðundandi niðurstöðu.

Í framangreindri ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur m.a. fram að Míla skyldi veita aðgang að hluta koparheimtaugar, m.a. að götuskápum. Fram kom að vegna þeirra erfiðleika sem upp gætu komið við að veita fleiri en einum aðila aðgang að heimtaugarhluta sem bæri VDSL kerfi, yrði að leysa umrædda aðgangskvöð með opnum sýndaraðgangi (VULA). PFS lagði því þá kvöð á Mílu að veita aðgang að heimtaug frá símstöð til endanotenda á þann hátt að leigjandi sýndaraðgangs hefði fullan aðgang að viðkomandi VDSL kerfi og gæti stýrt þjónustu við endanotendur á sama hátt og starfrækti hann eigið VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þyrfti til að veita hvers kyns þjónustu yfir bitastraum, þ.m.t. IPTV. Þar sem opinn sýndaraðgangur ætti að líkja eftir opnum aðgangi fengi leigjandi aðgang að nokkurs konar sýndarrás sem veitti honum þá netaðstöðu sem hann óskaði eftir.

Míla skal því veita Snerpu fullnægjandi opinn sýndaraðgang (VULA) frá símstöðinni í KUBB í húskassa þeirra notenda sem fæddir væru úr umræddum götuskápum við Lyngholt og Kjarrholt. Umræddur sýndaraðgangur skal veittur í tengiskilum sem væru á aðgangsleiðum 1-3, fléttað saman við aðgang að heimtauginni sjálfri.

Að ofangreindu virtu telst beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnum í Lyngholtsskápinn og þaðan yfir í Kjarrholtsskápinn ekki sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni. Míla skal þó veita Snerpu fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá

símstöðinni í KUBB í húskassa þeirra notenda sem fæddir væru úr umræddum götuskápum við Lyngholt og Kjarrholt.

### **3.9 Tilkynningar Mílu um fyrirhugaða VDSL væðingu**

Þann 3. september sl. birti Míla opinberlega útbreiðsluáætlun sína vegna VDSL væðingar á heimasíðu félagsins til næstu þriggja mánaða. Holtahverfið var þar á meðal. PFS telur að umræddur þriggja mánaða frestur, sbr. jafnræðiskvöð á bitastraumsmarkaði (markaður 5) eigi við þegar VDSL búnaði er komið fyrir í fyrirbyggjandi tækjarýmum, þ.m.t. símstöðvum og götuskápum og ekki er lagt í nýframkvæmdir sem viðkoma heimtaugum eða breytingar á línuleiðum, stefnu merkja o.þ.h. Sé hins vegar tækjarýmum bætt við eða þeim fækkað eða lagt er í framkvæmdir á borð við þær sem nefndar voru hér að ofan gildir hins vegar 6 mánaða tilkynningarfrestur sá sem kveðið er á um í jafnræðiskvöð á heimtaugamarkaði (markaður 4).

Þessu til stuðnings má benda á að málsaðilar hafa undir rekstri málsins ávallt vísað í viðmiðunartilboð Mílu um opinn aðgang að heimtaug (RUO) en ekki í viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang. Þetta er eðlilegt þar sem aðgangsbeiðni Snerpu varðar aðgang að heimtaug en ekki bitastraumi.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar setti Míla upp tvo nýja götuskápa í Holtahverfi sem lið í VDSL væðingu félagsins. Þar er heimtaugaeining Mílu að veita eigin bitastraumseiningu þjónustu sem ekki stóð Snerpu til boða. Raunar veitti Míla Snerpu engar upplýsingar eða leiðbeiningar í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir Mílu, sem að hluta til eru þegar yfirstaðnar, þrátt fyrir að Míla vissi um fyrirætlanir Snerpu í hverfinu og að Snerpa hafi þá þegar verið með heimtaugar í leigu vegna VDSL þjónustu sinnar. Þar með braut Míla gegn jafnræðiskvöð þeirri sem á félaginu hvílir á markaði 4, sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2014 og áður ákvörðun PFS nr. 26/2007. Því hefði Míla átt að tilkynna um framkvæmd þessa með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og veita Snerpu í upphafi allar nauðsynlegar upplýsingar sem félagið hefði þurft vegna VDSL uppbyggingar sinnar á heimtaugum Mílu í hverfinu, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu hinna nýju skápa, hugsanlegar breytingar á línuleiðum og/eða merkjastefnum. Þar sem það var ekki gert lítur PFS svo á að dagsetningin 3. september 2014 marki upphaf hins skyldubundna 6 mánaða tilkynningarfrests. Míla getur því ekki hafið veitingu VDSL þjónustu sinnar í umræddu hverfi fyrr en í fyrsta lagi frá og með 3. mars 2015.

Míla er þó heimilt að hefja veitingu VDSL þjónustu sinnar fyrr en umræddur frestur til 3. mars 2015 tilgreinir veiti Míla þann sýndaraðgang sem kveðið er á um í kafla 3.10 áður en umræddur frestur rennur út og aðrir leigjendur heimtauga Mílu leggjast ekki gegn því.

Tilgangurinn með umræddum tilkynningarfrestum, upplýsingagjöf og leiðbeiningum er að koma í veg fyrir óeðlilegt samkeppnisforskot Skiptasamstæðunnar sem skapast getur ef óskyldir aðilar fá ekki nægan frest til að undirbúa veitingu nýrrar eða endurbættrar fjarskiptaþjónustu frá og með þeim tíma sem Skiptasamstæðan býður upp á slíka þjónustu. Eðlilegt er að fresturinn sé lengri í tilvikum netrekenda en kaupenda bitastraumsaðgangs þar sem meiri fjárfesting liggur þar að baki og lengri tíma tekur að bregðast við.

### **3.10 Veiting sýndaraðgangs (VULA) m.t.t. jafnræðiskvaðar**

Til að koma í veg fyrir það óeðlilega samkeppnisforskot vegna breytinga/endurbóta á heimtauganeti Mílu, sem lýst var hér að framan, og til þess að Snerpa geti leikið eftir vöruframboð Mílu með sjálfbærum hætti á tilskildum tíma, er Mílu óheimilt að hefja veitingu VDSL þjónustu sinnar í umræddu hverfi, sem og öðrum hverfum sem háttar til með hliðstæðum hætti, fyrr en Snerpa hefur fengið fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá viðeigandi nettengipunkti til þeirra notenda sem tengdir eru um götuskápana við Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Það sama á við um aðgang að notendum í götuskápum í neðra Holtahverfi og annars staðar þar sem svipað háttar til.

Snerpa sem leigjandi sýndaraðgangs á að hafa þannig aðgang að VDSL kerfi Mílu að fyrirtækið geti stýrt þjónustu við endanotendur á eins líkan hátt og starfrækti Snerpa eigið VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þarf til að veita hvers kyns þjónustu yfir bitastraum, þ.m.t. IPTV þjónustu Vodafone.

Í þessu sambandi telur PFS eðlilegt að horft sé á þjónustu Mílu á heimtaugaleigumarkaði aðskilið frá þjónustu félagsins á bitastraumsmarkaði. Er þá ljóst að bitastraumseining Mílu má ekki fá betri þjónustu frá heimtaugaeyningu Mílu en óskyld fjarskiptafyrirtæki fá. Aðeins þannig er unnt að tryggja jafnræði í reynd á milli aðila Skiptasamstæðunnar og óskyldra aðila á þeim heildsölumörkuðum sem hér um ræðir og á þeim mikilvægu smásölumörkuðum sem af þeim leiða.

### **3.11 Sönnunarbyrði fyrir truflunum**

Mílu hefur undir rekstri málsins verið tíðrætt um það að aðgangsbeiðandi, Snerpa í þessu tilviki, beri sönnunarbyrðina fyrir því að beiðni hans valdi ekki truflunum á heimtaugalínakerfi Mílu.

Á þetta getur PFS ekki fallist. Í fyrsta lagi er fjallað um það í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaðir 4 og 5) að hætta sé á að aðilar með umtalsverðan markaðsstyrk, eins og Míla er með, reyni að koma í veg fyrir aðgang að kerfum sínum með því að bera fyrir sig atriðum eins og tæknilegum örðugleikum og truflanahættu. Hvergi er í þeirri ákvörðun talað um að sönnunarbyrðin sé á aðgangsbeiðendum hvað þetta varðar.

Þá er þvert á móti kveðið á um það í viðmiðunartilboði Mílu um opinn aðgang að heimtaugum (RUO) að Míla geti hafnað notkun aðgangsbeiðanda ef Míla getur leitt að því líkum að þau kerfi og sú þjónusta sem fyrir eru á koparstrengnum muni truflast. Míla skuli leggja fram gögn máli sínu til stuðnings.

Að ofangreindu virtu hvílir sönnunarbyrðin varðandi hugsanlega truflanahættu á Mílu en ekki aðgangsbeiðanda hverju sinni. Verður að telja þá niðurstöðu eðlilega í ljósi þess aðstöðumunar sem aðilar búa við. Míla er langstærsti aðilinn á koparheimtaugamarkaði á landinu og þekkir kerfið betur en nokkur annar.

### **3.12 Aftenging Sunnuholts [...]**

Eftir að mál það sem hér er til umfjöllunar var tekið til meðferðar hjá PFS pantaði Snerpa aðgang að heimtaug að Sunnuholti [...] um milliskápalínu úr Stórholtsskápnum. Umrædd pöntun fór í gegn hjá Mílu, þrátt fyrir að Míla hafði áður hafnað öllum milliskápatengingum. Umræddur notandi fékk því aðgang að VDSL þjónustu frá Snerpu, en umræddur notandi hafði áður verið með lélega ADSL þjónustu hjá Símanum/Mílu frá símstöðinni í KUBB. Nokkrum dögum síðar aftengdi Míla umrædda tengingu og færði hana í VDSL búnað Snerpu í símstöðinni í KUBB. Við þetta varð tenging umrædds notanda léleg að nýju. Snerpa fékk enga tilkynningu um umrædda breytingu á tengingunni. Míla bar fyrir sig að hin upphaflega pöntun Snerpu hefði fyrir mistök verktaka félagsins á Ísafirði farið í gegn þar sem vinnu við uppfærslu á pantanakerfinu vegna aðgangs að heimtaugarhlutum hefði ekki verið lokið.

Í viðmiðunartilboði Mílu um opinn aðgang að heimtaugum kemur fram að Mílu sé heimilt, með fyrirfram tilkynningu til leigutaka, að aftengja búnað af tengigrind og í húskassa ef félagið getur sýnt fram á, t.d. vegna kvartana frá notendum, að búnaðurinn trufla þá þjónustu sem fyrir er á línunni eða í strengnum. Í neyðartilfellum er Mílu heimilt að rjúfa tengingu að heimtaug fyrirvaralaust og án þess að tilkynna þjónustukaupa um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis eða veldur truflunum í netum annarra þjónustukaupa.

Af ofangreindu er ljóst að Míla stóð ekki réttilega að umræddri breytingu á tengingu umrædds notanda. Míla hefur í fyrsta lagi ekki sýnt fram á að umrædd tenging truflaði þá þjónustu sem fyrir var á strengnum. Þá tilkynnti Míla Snerpu ekki fyrirfram um fyrirhugaða breytingu á tengingu. Verður að telja þessa háttsemi óásættanlega fyrir Snerpu og umræddan endanotanda. Er þeim eindregnu tilmælum beint til Mílu að binda svo um hnútana að slíkt gerist ekki aftur.

### **3.13 Leiðbeiningarskylda Mílu, upplýsingagjöf, samráð um breytingar o.fl.**

Ljóst er af gögnum málsins að Míla hefur ekki sinnt eðlilegri leiðbeiningarskyldu sinni í garð Snerpu, ekki veitt félaginu eðlilegar upplýsingar, ekki haft eðlilegt samráð við Snerpu um framkvæmdir né tekið nægilegt tillit til hagsmuna Snerpu.

Míla er risastórt og öflugt fyrirtæki borið saman við Snerpu. Snerpa hefur verið brautryðjandi í VDSL væðingu á Ísafirði og á fleiri þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum. Þegar aðili á borð við Mílu kemur í kjölfarið og hyggst einnig breiða út VDSL kerfi er að ýmsu að huga. Ljóst er að Míla þarf að taka hæfilegt tillit til slíkra aðila sem kunna að vera fyrir á viðkomandi stöðum. Lítið getur þurft út af að bera svo illa geti farið hjá slíkum minni fyrirtækjum. Tölfræðin sýnir að Skiptasamstæðan hefur við VDSL væðingu sína víða um land nánast þurrkað upp xDSL markaðinn þar sem aðrir aðilar hafa ekki haft tækifæri til að bjóða upp á smásöluþjónustu er byggist á VDSL á sama tíma og samstæðan.

Í fyrsta lagi ber Mílu samkvæmt fyrrgreindri ákvörðun PFS nr. 21/2014 að veita ótengdum aðilum færi á að hafa áhrif á þróun nýrrar heildsöluvöru og fyrirhuguð tengiskil, eigi síður en tengdum aðilum. Ný þjónusta í þessum skilningi telst t.d.

útbreiðsla VDSL þjónustu á svæðum sem slík þjónusta hefur ekki verið í boði á, eins og við á um Holtahverfi á Ísafirði. Ljóst er að Míla hafði ekkert samráð við Snerpu um fyrirhugaðar framkvæmdir sínar þrátt fyrir að fullt tilefni hafi verið til þess. Snerpa hefur t.a.m. haldið því fram að uppsetning umræddra tveggja götuskápa í Holtahverfi hefur skert gæði tenginga félagsins. Þessu hefur Míla ekki mótmælt við meðferð málsins. Mílu hafði um langt skeið verið kunnugt um fyrirhuguð áform Snerpu í Holtahverfi. Verður að átelja þessa háttsemi Mílu harðlega og beina þeim tilmælum til félagsins að viðhafa eðlilegt samráð við aðra netrekendur og þjónustuveitendur varðandi fyrirhugaðar kerfisbreytingar í framtíðinni.

Míla hefur haldið því fram að viðmiðunartilboð félagsins um opinn aðgang að heimtaugum (RUO) hefði haft að geyma fullnægjandi leiðbeiningar fyrir Snerpu í þessu tilviki. PFS telur það af og frá. Þar koma aðeins fyrir almennar reglur sem gilda um aðgang að heimtaug en þar kemur ekkert fram um staðhætti eða fyrirhugaða högun á hverjum stað fyrir sig.

Þá er ljóst að Míla synjaði eðlilegri beiðni Snerpu um afhendingu lista yfir tengjanlegar eignir í Holtahverfi áður en Snerpa lagði formlega inn pöntun á umræddum götuskáp við Stórholt. Mílu var þetta að sjálfsögðu óheimilt. Telja verður líklegt að Snerpa hefði getað hagað kerfisuppbyggingu sinni með öðrum hætti ef leiðbeiningar Mílu og upplýsingar hefðu legið fyrir með eðlilegum hætti eins og félaginu er skylt. Verður að átelja þessa háttsemi Mílu.

Að ofangreindu virtu er ljóst að Míla hefur ekki sinnt eðlilegri leiðbeiningarskyldu sinni, né upplýsingagjöf, í tengslum við umrædda aðgangsbeiðni Snerpu. Þá hefur Míla ekki haft samráð við Snerpu um umrædda kerfisuppbyggingu né tekið hæfilegt tillit til hagsmuna þess félags.

### ***3.14 Samandregin niðurstaða***

Það er niðurstaða PFS að hafna því að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu og taka málið til endanlegrar úrlausnar með ákvörðun þessari, þar sem Míla sló framkvæmdum sínum við VDSL væðingu efri Holtahverfis á frest þar til endanleg niðurstaða yrði fengin.

Hvorki Míla né Snerpa njóta heimildar þeirrar til forgangsréttar til VDSL væðingar í umræddu hverfi sem kveðið er á um í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaðir 4 og 5).

Í beiðni Snerpu um aðgang að heimtaugum í götuskáp Mílu við Stórholt fólst jafnframt beiðni um aðgang að milliskápatengingum í heimtaugar í götuskápunum við Sunnholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Umrædd beiðni þarf samt sem áður að teljast sanngjörn og eðlileg.

Beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnunum í Sunnholtsskápinum telst vera sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnunum um Sunnholtsskápinum yfir í Móholtsskápinum telst ekki vera sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni í skilningi 28. gr.

fjarskiptalaga nr. 81/2003. Míla skal þó veita Snerpu fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá símsstöðinni í KUBB í húskassa þeirra notenda sem fæddir eru úr umræddum götuskáp við Móholt.

Beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr Stórholtsskápnunum í Lyngholtsskápinum og þaðan yfir í Kjarrholtsskápinum telst ekki vera sanngjörn og eðlileg aðgangsbéiðni í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Míla skal þó veita Snerpu fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá símsstöðinni í KUBB í húskassa þeirra notenda sem fæddir eru úr umræddum götuskápum við Lyngholt og Kjarrholt.

Míla setti upp tvo nýja götuskápa í Holtahverfi sem lið í VDSL væðingu félagsins. Þar er heimtaugaeining Mílu að veita eigin bitastraumseiningu þjónustu sem ekki stóð Snerpu til boða. Raunar veitti Míla Snerpu engar upplýsingar eða leiðbeiningar í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir Mílu, sem að hluta til eru þegar yfirstaðnar, þrátt fyrir að Míla vissi um fyrirætlanir Snerpu í hverfinu og að Snerpa hafi þá þegar verið með heimtaugar í leigu vegna VDSL þjónustu sinnar. Þar með braut Míla gegn jafnræðiskvöð þeirri sem á félaginu hvílir á markaði 4, sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2014 og áður ákvörðun PFS nr. 26/2007. Því hefði Míla átt að tilkynna um framkvæmd þessa með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og veita Snerpu í upphafi allar nauðsynlegar upplýsingar sem félagið hefði þurft vegna VDSL uppbyggingar sinnar á heimtaugum Mílu í hverfinu, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu hinna nýju skápa, hugsanlegar breytingar á línuleiðum og/eða merkjastefnum. Þar sem það var ekki gert lítur PFS svo á að dagsetningin 3. september 2014 marki upphaf hins skyldubundna 6 mánaða tilkynningarfrests. Míla getur því ekki hafið veitingu VDSL þjónustu sinnar í umræddu hverfi fyrr en í fyrsta lagi frá og með 3. mars 2015 nema Snerpa og önnur áhugasöm fjarskiptafyrirtæki fái áður fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) og aðrir leigjendur heimtauga leggist ekki gegn því. Þetta á einnig við um aðrar sambærilegar framkvæmdir á vegum Mílu þar sem svo háttar til sem hér segir.

Til að koma í veg fyrir óeðlilegt samkeppnisforskot Mílu vegna breytinga/endurbóta á heimtauganeti félagsins og til þess að Snerpa geti leikið eftir vöruframboð Mílu með sjálfbærum hætti á tilskildum tíma, er Mílu óheimilt að hefja veitingu VDSL þjónustu sinnar í umræddu hverfi, sem og öðrum hverfum sem háttar til með hliðstæðum hætti, fyrr en Snerpa og önnur áhugasöm fjarskiptafyrirtæki hafa fengið fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá viðeigandi nettengipunkti til þeirra notenda sem tengdir eru um götuskápana við Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Það sama á við um aðgang að notendum í götuskápum í neðra Holtahverfi og annars staðar þar sem svipað háttar til. Snerpa sem leigjandi sýndaraðgangs á að hafa fullan aðgang að VDSL kerfi Mílu og geta stýrt þjónustu við endanotendur á eins líkan hátt og starfrækti Snerpa eigið VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þarf til að veita hvers kyns þjónustu yfir bitastraum, þ.m.t. IPTV þjónustu Vodafone.

Sönnunarbyrðin varðandi hugsanlega truflanahættu vegna aðgangsbéiðna að koparheimtauganeti Mílu hvílir á Mílu en ekki aðgangsbéiðanda hverju sinni. Eðlilegt er þó að Míla og aðgangsbéiðendur vinni saman að því að meta og greina truflunarhættu hverju sinni.



Míla stóð ekki réttilega að breytingu á tengingu notanda að Sunnuholti [...]. Míla hefur ekki sýnt fram á að umrædd tenging truflaði þá þjónustu sem fyrir var á strengnum. Þá tilkynnti Míla Snerpu ekki fyrirfram um fyrirhugaða breytingu á tengingu eins og skylt er samkvæmt viðmiðunartilboði um opinn aðgang að heimtaug.

Míla sinnti ekki eðlilegri leiðbeiningarskyldu sinni, né upplýsingagjöf, í tengslum við umrædda aðgangsbeiðni Snerpu. Þá hafði Míla ekki samráð við Snerpu um umrædda kerfisuppbyggingu né tók hæfilegt tillit til hagsmuna félagsins.

### *Ákvörðunarorð*

**PFS hafnar því að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu og tekur málið til endanlegrar úrlausnar með ákvörðun þessari.**

**Hvorki Míla né Snerpa njóta heimildar þeirrar til forgangsréttar til VDSL væðingar í umræddu hverfi sem kveðið er á um í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaðir 4 og 5).**

**Í beiðni Snerpu ehf. um aðgang að heimtaugum í götuskáp Mílu ehf. við Stórholt á Ísafirði fólst jafnframt beiðni um aðgang að milliskápatengingum í heimtaugar í götuskápum við Sunnuholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt.**

**Beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt í götuskáp við Sunnuholt telst vera sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.**

**Beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt um götuskáp við Sunnuholt yfir í götuskáp við Móholt annars vegar og beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt í götuskáp við Lyngholt og þaðan yfir í götuskáp við Kjarrholt hins vegar teljast ekki vera sanngjarnar og eðlilegar aðgangsbeiðnir í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Míla skal þó veita Snerpu fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá viðeigandi nettengipunkti til þeirra notenda sem fæddir eru úr umræddum götuskápum við Móholt, Lyngholt og Kjarrholt.**

**Vegna uppsetningar Mílu á nýjum götuskáp í efra Holtahverfi á Ísafirði og breytinga á merkjastefnum í heimtauganetinu bar félaginu að tilkynna um framkvæmdir sínar við VDSL væðingu umrædds hverfis með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og veita Snerpu í upphafi allar nauðsynlegar upplýsingar sem félagið hefði þurft vegna VDSL uppbyggingar sinnar á heimtaugum Mílu í hverfinu, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu hins nýja skáps, hugsanlegar breytingar á línuleiðum og/eða merkjastefnum. Þar sem þetta var ekki gert lítur PFS svo á að dagsetningin 3. september 2014 marki upphaf hins skyldubundna 6 mánaða tilkynningarfrests. Míla getur því ekki hafið veitingu VDSL þjónustu í umræddu hverfi fyrr en í fyrsta lagi frá og með 3. mars 2015 nema Snerpa og önnur áhugasöm fjarskiptafyrirtæki fái áður fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) og aðrir leigjendur heimtauga leggist**

ekki gegn því. Þetta á einnig við um aðrar sambærilegar framkvæmdir á vegum Mílu þar sem svo háttar til sem hér segir.

Til að koma í veg fyrir óeðlilegt samkeppnisforskot Mílu eða tengdra aðila vegna breytinga/endurbóta á heimtauganeti félagsins og til þess að Snerpa geti leikið eftir vöruframboð Mílu með sjálfbærum hætti á tilskildum tíma, er Mílu óheimilt að hefja veitingu VDSL þjónustu sinnar í umræddu hverfi, sem og öðrum hverfum sem háttar til með hliðstæðum hætti, fyrr en Snerpa og önnur áhugasöm fjarskiptafyrirtæki hafa fengið fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá viðeigandi nettengipunkti til þeirra notenda sem tengdir eru um götuskápana við Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Það sama á við um aðgang að notendum í götuskápum í neðra Holtahverfi þar sem svipað háttar til. Snerpa sem leigjandi sýndaraðgangs (VULA) á að hafa fullan aðgang að VDSL kerfi Mílu og geta stýrt þjónustu við endanotendur á eins líkan hátt og starfrækti Snerpa eigið VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þarf til að veita hvers kyns þjónustu yfir bitastraum, þ.m.t. IPTV þjónustu Vodafone.

Míla braut gegn jafnræðiskvöð þeirri sem á félaginu hvílir á heimtaugamarkaði (markaður 4), sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2014 og áður ákvörðun PFS nr. 26/2007, með því að veita Snerpu ekki upplýsingar eða leiðbeiningar í tengslum við VDSL væðingu félaganna í efra Holtahverfi.

Sönnunarbyrði varðandi hugsanlega truflanahættu vegna aðgangsbeiðna að koparheimtauganeti Mílu hvílir á Mílu en ekki aðgangsbeiðanda hverju sinni. Míla og aðgangsbeiðendur skulu vinna saman að því að meta og greina truflunarhættu hverju sinni.

Míla stóð ekki réttilega að breytingu á tengingu notanda að Sunnuholti [...]. Míla sýndi ekki fram á að umrædd tenging truflaði þá þjónustu sem fyrir var á strengnum, né tilkynnti Snerpu fyrirfram um fyrirhugaða breytingu á tengingu eins og skylt er samkvæmt viðmiðunartilboði um opinn aðgang að heimtaug.

Míla sinnti ekki leiðbeiningarskyldu sinni, né upplýsingagjöf, í tengslum við umrædda aðgangsbeiðni Snerpu. Þá hafði Míla ekki samráð við Snerpu um umrædda kerfisuppbyggingu né tók hæfilegt tillit til hagsmuna félagsins.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 11. desember 2014*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson